



HÓLASKÓLI – HÁSKÓLINN Á HÓLUM

NÓVEMBER 2011

EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR	3
VIÐBRÖGD VIÐ ÁBENDINGUM.....	7
1 INNGANGUR	13
2 SKÓLAHALD Á HÓLUM	14
2.1 Hólaskóli.....	14
2.2 Námsframboð og aðstaða	15
2.2.1 Aðstaða til kennslu og rannsókna	17
2.2.2 Fiskeldis- og fiskalíffræði	17
2.2.3 Hestafræði	18
2.2.4 Ferðamálafræði	20
2.3 Nemendafjöldi og brautskráningar.....	20
2.3.1 Nemendaframlög.....	22
2.4 Staða Hólaskóla til framtíðar	23
3 REKSTUR OG EFNAHAGUR.....	27
3.1 Fjárveitingar til Hólaskóla og afkoma árin 2005–10	27
3.2 Tilsjónarmaður að störfum fyrri hluta árs 2009	28
3.3 Rekstur Hólaskóla árin 2005–2010	29
3.3.1 Rekstraráætlun Hólaskóla	29
3.3.2 Sértekjur.....	30
3.3.3 Laun og launatengd gjöld.....	31
3.3.4 Önnur rekstrargjöld	33
3.3.5 Afkomuspá fyrir árið 2011	35
3.3.6 Samantekt vegna reksturs Hólaskóla árin 2005–2011	36
3.4 Efnahagur Hólaskóla árin 2005–10.....	38
3.4.1 Viðskiptakröfur	39
3.4.2 Skuldir	41

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

Hólaskóli – Háskólinn á Hólum (hér eftir Hólaskóli) er minnstur þeirra sjö háskóla sem starfræktir eru á Íslandi. Hann býður upp á nám á háskólastigi í hestafræðum, fiskeldis- og fiskalíffræði og ferðamálafræði í samræmi við lög nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu. Skólinn starfar einnig samkvæmt lögum nr. 63/2006 um háskóla. Veturinn 2010–11 stunduðu 247 nemendur nám við skólann og hafði fjölgað um 60 frá skólaárinu á undan. Af þeim voru 156, eða 63%, í fjarnámi, langflestir á ferðamálabraut. Áætlaðar heildartekjur Hólaskóla árið 2011 nema um 416 m.kr., þar af er framlag úr ríkissjóði 232 m.kr. Sértekjur eru því hátt í helmingur af heildartekjum skólans.

Í ársbyrjun 2008 færðist Hólaskóli frá landbúnaðarráðuneyti til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Við þá yfirfærslu fékk skólinn rúmlega 239 m.kr. aukafjárveitingu árin 2007 og 2008 til að koma fjármálum sínum í jafnvægi til frambúðar. Við fjárhagslega endurskipulagningu skólans árið 2009 fékk skólinn einnig 100 m.kr. greiðslu umfram fjárheimildir úr ríkissjóði til að greiða niður viðskiptaskuldir sínar sem höfðu safnað miklum dráttarvöxtum árin á undan. Frá og með árinu 2009 hefur rekstur Hólaskóla að mestu rúmast innan fjárveitinga hvers árs þrátt fyrir að hagræðingarkrafa í frumvarpi til fjárlaga hafi numið 20,7 m.kr. árið 2010 og 19,7 m.kr. árið 2011. Uppsafnaður rekstrarhalli skólans nam engu að síður 76 m.kr. í árslok 2010 og heildarskuldir voru 207 m.kr., þar af var skuld við ríkissjóð 178 m.kr. Ríkisendurskoðun telur brýnt að Hólaskóli og mennta- og menningarmálaráðuneyti finni varanlega lausn á þessum vanda.

Ársreikningur Hólaskóla var áritaður með fyrirvara árið 2008 vegna óvissu um að bókfærð staða viðskiptakrafna skólans gæfi rétta mynd af þeim. Stór hluti krafna var þá kominn til ára sinna og því óvíst að þær yrðu innheimtar. Þá höfðu þær ekki verið stemmdar af þó að margar þeirra væru þegar greiddar eða fullreynt að þær fengjust aldrei greiddar, t.d. eignfærð styrkloforð. Þar sem skólinn brást ekki við athugasemdum Ríkisendurskoðunar voru ársreikningar árána 2009 og 2010 ekki áritaðir með álitum um að þeir gæfu glögga mynd af stöðu skólans eins og venja er. Raunveruleg fjárhagsstaða skólans er verri en bókhald hans segir til um sem nemur nauðsynlegum afskriftum þessara krafna.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fór fram á það við fjármálaráðuneyti að skólinn fengi 60 m.kr. aukafjárveitingu árið 2011 til að lækka uppsafnaðan halla en það gekk ekki eftir. Slík fjárveiting hefði aðeins leyst vanda skólans að hluta þar sem uppsafnaður halli, eftir leiðréttingu viðskiptakrafna, og kuldir við ríkissjóð nema samtals að lágmarki þrefaldri þeirri fjárhæð.

**NEMENDUR VORU
247 SKÓLAÁRIÐ
2010–11**

**REKSTUR AÐ MESTU
INNAN FJÁRVEITINGA
HVERS ÁRS FRÁ OG
MEÐ ÁRINU 2009**

**UPPSAFNAÐUR HALLI
76 M.KR OG
HEILDARSKULDIR 207
M.KR. Í ÁRSLOK 2010**

**ÓVISSA UM RAUN-
VERULEGA STÖÐU
VIÐSKIPTAKRAFNA**

**ÓSK UM 60 M.KR.
AUKAFJÁRVEITINGU
ÁRIÐ 2011 HAFNAÐ**

**EKKI LIGGUR FYRIR
SAMNINGUR UM
KENNSLU OG
RANNSÓKNIR**

**ÁFORMAÐ AÐ FELLA
NÁMIÐ AÐ REGLUM
UM FJÁRVEITINGAR
TIL HÁSKÓLA**

**HÓLASKÓLI
MIKILVÆG STOFNUN Í
SINNI HEIMABYGGÐ**

**TEKJUR OG AÐSTAÐA
TIL BÓKLEGS NÁMS
HAMLA FJÖLGUN
ÁRSNEMENDA**

**HÓLASKÓLI
SJÁLFSTÆÐUR EÐA
SAMEINAÐUR
ÖÐRUM SKÓLA**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur unnið að því, frá því að Hólaskóli var færður undir forræði þess árið 2008, að lagfæra fjárhagsstöðu og fjármálastjórn skólans og tryggja að hann uppfylli faglegar kröfur háskólastigsins og hafi lágmarksfjölda ársnemenda. Ráðuneytið vinnur að því að skýra stöðu skólans innan háskólakerfisins og fella hann undir lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Samhliða er unnið að því að fá lög um búnaðarfræðslu felld úr gildi. Verkefni Hólaskóla eru nokkuð vel skilgreind í reglugerð um skólann en í samræmi við ákvæði hennar sinnir hann ýmsum verkefnum í tengslum við staðarhald á Hólum sem falla ekki undir hefðbundið háskólastarf hvorki samkvæmt lögum um háskóla né opinbera háskóla. Ráðuneytið og skólinn hafa um nokkurt skeið unnið að því að greina staðarhald á Hólum frá skólahaldi. Forsenda þeirrar aðgreiningar er að Sveitarfélagið Skagafjörður taki yfir lögbundna þjónustu við þéttbýlið Hóla, s.s. varðandi skipulags- og fráveitumál, en fyrir liggur viljayfirlýsing frá sveitarfélaginu vegna þessa og unnið er að samningi þar um. Að því loknu þarf að greina kostnað við staðarhaldið og skipta honum milli þeirra fjögurra ráðuneyta sem að því koma. Í framhaldi af því áformar ráðuneytið að ganga frá samningi við skólann um kennslu og rannsóknir og eru þær samningaviðræður hafnar. Samhliða hyggst ráðuneytið verðmeta og flokka nám við Hólaskóla og fella það að reglum um fjárveitingar til háskóla.

Hólaskóli er mikilvæg stofnun fyrir atvinnu- og efnahagslíf í heimabyggð sinni. Þar er einnig góð aðstaða og þekking til verklegrar kennslu og rannsókna í fiskeldis- og fiskalífrræði og hestafræðum. Eins og aðrar ríkisstofnanir verður Hólaskóli engu að síður að sníða sér stakk eftir vexti og tryggja að umfang rekstrarins sé í samræmi við fjárheimildir á hverjum tíma.

Mikill uppsafnaður halli og háar skuldir vekja spurningar um hagkvæmni Hólaskóla sem rekstrareiningar og framtíð í núverandi mynd. Það eitt að fella fjárveitingar til skólans að almennum reglum um fjárveitingar til háskóla tryggir honum ekki aukin ríkisframlög. Mennta- og menningarmálaráðuneyti áætla að ársnemendur skólans, þ.e. ígildi nemenda sem stunda fullt nám í eitt ár, verði 190 árið 2011 en þeir voru 162 skólaárið 2010–11. Til að standa fjárhagslega undir faglegum kröfum sem gerðar eru til háskóla og falla að reglum um fjárveitingar til háskóla þarf tiltekinn lágmarksfjölda ársnemenda við hverja deild. Hingað til hafa ársnemendur Hólaskóla verið of fáir til að falla að framangreindum reglum en heildartekjur hans og aðstaða, einkum til bóklegs náms, hamla því að hann geti tekið við mikið fleiri ársnemendum en nú er gert.

Með nýtilkomnu samstarfsneti opinberra háskóla gefst litlum og fámennum skólum kostur á að sérhæfa sig í tilteknum fræðigreinum. Hólaskóli býður nú þegar upp á sameiginlegar námsbrautir með öðrum opinberum háskólum í grunnnámi á háskólastigi og samstarfsnetið kann að skapa honum góðan grundvöll til að starfa áfram sem sjálfstæður háskóli. Ríkisendurskoðun telur þó mikilvægt að mennta- og menningarmálaráðuneyti leggi mat á hvort í því felist meiri faglegur og fjárhagslegur ávinningur að sameina Hólaskóla öðrum háskóla. Með því kunna að skapast aukin tækifæri til að skipuleggja betur starfsemi, stoðþjónustu og starfsmannahald skólans, efla akademískar áherslur hans og gæði námsins og auka hagkvæmni og skilvirkni rekstrarins.

ÁBENDINGAR TIL MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS

1. MIKILVÆGT AÐ ÁKVEÐA STÖÐU HÓLASKÓLA TIL FRAMTÍÐAR

Ríkisendurskoðun hvetur mennta- og menningarmálaráðuneyti til að ákveða hvort Hólaskóli skuli starfa áfram sem sjálfstæður opinber háskóli, sameinast öðrum háskóla eða vera gerður að sjálfseignarstofnun á forræði þeirra atvinnugreina sem nám skólans lýtur að eins og til stóð árið 2008. Við þessa ákvörðun þarf ráðuneytið m.a. að leggja raunsætt mat á fjárhagslega og faglega möguleika Hólaskóla til að standa fyllilega undir nafni sem sjálfstæður háskóli. Einnig þarf að meta líklegan kostnað og ábata mismunandi valkosta. Þar ber að hafa að leiðarljósi heildarhagsmuni menntunar í landinu og að fjármunir sem varið er til háskólakennslu nýtist sem best. Einnig er mikilvægt að líta til þeirrar aðstöðu og þekkingar sem fyrir hendi er hjá Hólaskóla.

2. TRYGGJA VERÐUR AÐ REKSTUR HÓLASKÓLA RÚMIST INNAN FJÁRHEIMILDA

Verði Hólaskóli áfram rekinn sem sjálfstæður opinber háskóli verður ráðuneytið að tryggja að rekstrarforsendur hans séu raunhæfar og aga í fjármálastjórn svo að reksturinn rúmist ávallt innan fjárheimilda. Takist það ekki bendir Ríkisendurskoðun á meginreglur fjárreiðulaga nr. 88/1997 og á ábyrgð stjórnenda í því sambandi, sbr. ákvæði 49. gr. fjárreiðulaga og 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ráðuneytið verður einnig að leita varanlegra lausna á upp-söfnuðum halla Hólaskóla, í samstarfi við skólann, hvort sem hann verður áfram sjálfstæður, sameinaður öðrum háskóla eða rekstrarformi hans breytt.

3. FINNA VERÐUR VARANLEGA LAUSN Á SKULD SKÓLANS VIÐ RÍKISSJÓÐ

Mikilvægt er að mennta- og menningarmálaráðuneyti tryggi að ríkissjóður fái endurgreiddar þær 100 m.kr. sem fjármálaráðuneyti, fyrir milligöngu þess, greiddi Hólaskóla umfram fjárheimildir í mars 2009 til að grynna á viðskiptaskuldum hans, t.d. með því að halda eftir hluta af árlegum framlögum skólans þar til féð hefur verið endurgreitt. Að öðrum kosti er eðlilegt að ráðuneytið sækji um aukafjárveitingu vegna þessara fjármuna.

4. VIÐSKIPTAKRÖFUR GEFI RÉTTA MYND AF STÖÐU HÓLASKÓLA

Ríkisendurskoðun hefur í endurskoðunarbréfum sínum undanfarin ár bent á óvissu í viðskiptakröfum skólans og að þar sé mikilla leiðréttinga þörf. Vegna þessa er ljóst að fjárhagsstaða skólans er mun verri en ársreikningur hans árið 2010 segir til um enda var hann ekki áritaður með álitni um að hann gæfi glögga mynd af stöðu skólans. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að mennta- og menningarmálaráðuneyti fylgi því eftir af festu að Hólaskóli komi viðskiptakröfum sínum í eðlilegt horf þannig að bókfært virði þeirra gefi ávallt rétta mynd af raunverulegri stöðu.

5. RÁÐUNEYTIÐ SAMÞYKKI REKSTRARÁÆTLUN SKÓLANS INNAN TÍMAMARKA

Ein af forsendum þess að rekstraráætlun Hólaskóla nýtist sem stjórnþæki er að ráðuneytið samþykki hana innan rétttra tímamarka. Árið 2011 samþykkti ráðuneytið rekstraráætlun skólans ekki fyrr en í júlí en átti samkvæmt reglum að gera það í janúar. Fyrst þá skilaði áætlunin sér inn í fjárhagsupplýsingakerfi ríkisins. Af þessum sökum nýtist hún ekki sem stjórnþæki fyrr en hálf t.ár var liðið af fjárhagsárinu.

6. AÐGREINGU SKÓLAHALDS FRÁ STAÐARHALDI Á HÓLUM VERÐI FLÝTT

Samkvæmt reglugerð um Hólaskóla frá árinu 2003 telst staðarhald á Hólum til verkefna hans. Nú er unnið að því að ná samkomulagi við Sveitarfélagið Skagafjörð um að það taki yfir lögbundna þjónustu við þéttbýlið Hóla. Jafnframt er unnið að því að skilgreina hvað falli undir staðarhald á Hólum, greina kostnað vegna þess og semja við þrjú önnur ráðuneyti sem að því koma. Mikilvægt er að ráðuneytið beiti sér fyrir því að framangreindir samningar náist sem fyrst enda samræmast verkefni sem tengjast staðarhaldi þess sögu- og helgistaðar sem Hólar eru illa hlutverki Hólaskóla sem háskólastofnunar.

7. MIKILVÆGT AÐ GERÐUR VERÐI SAMNINGUR UM KENNSLU OG RANNSÓKNIR

Hvort sem Hólaskóli starfar áfram sem sjálfstæður opinber háskóli eða á öðrum grundvelli er mikilvægt að ráðuneytið verðmeti og flokki nám við Hólaskóla og felli það að reglum um fjárveitingar til háskóla. Jafnframt er mikilvægt að ráðuneytið gangi frá samningi við skólann um kennslu og rannsóknir en slíkum samningi er m.a. ætlað að tryggja gæði og árangur í samræmi við skýra markmiðssetningu. Samhliða þessu væri æskilegt að meta kosti þess að setja á fót starfstengt réttindanám og alþjóðlega deild í hestamennsku við skólann til að nýta aðstöðu þar sem best.

ÁBENDINGAR TIL HÓLASKÓLA

1. REKSTUR SKÓLANS VERÐUR AÐ VERA Í SAMRÆMI VIÐ FJÁRHEIMILDIR

Rektor Hólaskóla ber endanlega ábyrgð á rekstri og starfsemi skólans. Stjórnendur verða að sýna aga og fagleg vinnubrögð í fjármálastjórn skólans, tryggja að rekstur hans sé innan fjárheimilda á hverjum tíma og að bókhaldið gefi ávallt rétta mynd af stöðu hans. Skólinn er hvattur til að flýta innleiðingu verkþókhalds til að fá betri yfirsýn um helstu kostnaðarþætti. Óviðunandi er að vandi skólans sé ítrekað leystur með aukafjárveitingum. Í árslok 2010 nam uppsafnaður rekstrarhalli skólans 76 m.kr. og skuld við ríkissjóð 178 m.kr. Yfirstjórn skólans verður, í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, að leita varanlegra lausna á þessum mikla vanda.

2. VIÐSKIPTAKRÖFUR OG -SKULDIR VERÐA AÐ VERA RÉTT METNAR

Hólaskóli verður að tryggja að viðskiptakröfur séu innheimtar með markvissum hætti og ávallt rétt bókfærðar og metnar. Eldri viðskiptakröfur skólans eru flestar frá árinu 2008 og fyrr og ljóst að bókfært virði þeirra er hærra en raunverulegt virði. Raunveruleg fjárhagsstaða skólans er því verri en ársreikningur hans segir til um. Skólinn verður að tryggja, í samstarfi við Fjárslu ríkisins og Ríkisendurskoðun, að nauðsynlegar afskriftir hafi átt sér stað fyrir árslok 2011. Þá verður skólinn að yfirfara gamlar viðskiptaskuldir sem námu 8 m.kr. í árslok 2010 og gera viðeigandi ráðstafanir.

3. REKSTRARÁÆTLUN SÉ NÝTT SEM STJÓRNTÆKI

Stjórnendur Hólaskóla verða að nýta rekstraráætlun hvers árs sem stjórnþæki til að halda rekstri skólans innan fjárheimilda. Mikilvægt er að Hólaskóli láti greinargerð til ráðuneytisins fylgja með rekstraráætlun hvers árs þar sem forsendur áætlunarinnar eru raktar í samræmi við efnisliði hennar.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁBENDINGUM

VIÐBRÖGÐ MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS

1. MIKILVÆGT AÐ ÁKVEÐA STÖÐU HÓLASKÓLA TIL FRAMTÍÐAR

„Hólaskóli – Háskólinn á Hólum starfar sem sjálfstæður háskóli nema Alþingi ákveði annað með lagasetningu. Hólaskóli fellur undir lög nr. 63/2006 um háskóla og lög nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu. Mennta- og menningarmálaráðherra hyggst leggja fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla sem gerir ráð fyrir að Hólaskóli falli undir gildissvið laganna. Alþingi fær þá gott tilefni til að fjalla um stöðu skólans.

Hólaskóli – Háskólinn á Hólum hefur verið virkur þátttakandi í samstarfsneti opinberra háskóla sem ríkisstjórnin samþykkti að koma á samkvæmt tillögu mennta- og menningarmálaráðherra og átt í miklu samstarfi við aðra háskóla þó sérstaklega við Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands. Að mörgu er unnið um þessar mundir til að samþætta starfsemi opinberra háskóla:

- a. Samstarfsnet opinberra háskóla.
- b. Samræmt gæðamat fyrir opinberu háskólana.
- c. Sameiginleg vefgátt og eitt upplýsingakerfi með sameiginlegu nemendabókhaldi og kennslunámsvef fyrir fjarkennslu.
- d. Samræmt kerfi fyrir akademískt mat á starfsmönnum.
- e. Sameiginleg stoðþjónusta fyrir nemendur og kennara.
- f. Nemendur í einum opinberum háskóla hafi aðgang að námskeiðum við aðra opinbera háskóla.“

2. TRYGGJA VERÐUR AÐ REKSTUR HÓLASKÓLA RÚMIST INNAN FJÁRHEIMILDA

„Mennta- og menningarmálaráðuneytið tekur undir að tryggja verði að rekstur skólans rúmist innan fjárheimilda og að lausn verði fundin á uppsöfnuðum halla skólans frá fyrri tíð. Að þessu hefur ráðuneytið unnið á margvíslegan hátt frá því að Hólaskóli var færður til þess frá landbúnaðarráðuneytinu í ársbyrjun 2008. Ráðuneytið setti rektor sérstakt erindisbréf þann 6. janúar 2009 í ljósi þess að rekstur skólans hafði ekki staðist áætlanir árin á undan og útgjöld verið umfram fjárheimildir fjárlaga 2008. Í bréfi til rektors 10. mars 2009 um rekstrarvanda skólans og ábyrgð rektors á því að bókhald og fjárreiður Hólaskóla hafi ekki verið í samræmi við fjárreiðulög og reglugerð um framkvæmd fjárlaga segir að ráðuneytið hafi til skoðunar að beita agaviðurlögum skv. 21. gr. laga nr. 70/1996. Á árinu 2009 var skólinn rekinn innan fjárheimilda ársins og á árinu 2010 munaði litlu að það sama tækist. Ráðuneytið hafði því ekki tilefni til að halda áfram með það ferli sem boðað var í framangreindu bréfi. Jafnframt þessu hefur ráðuneytið ítrekað lagt til við

fjármálaráðuneytið að sótt yrði um auknar fjárheimildir til að laga fjárhag skólans. Aðeins var tekið undir hluta af þessum óskum og fékkst 169,2 m.kr. fjárveiting í fjárukalögum 2008 vegna eldri halla og 5,5 m.kr. vegna hestaflensu í fjárukalögum 2010. Samkvæmt endurskoðunarbréfi Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2009 sem ekki barst ráðuneytinu fyrr en nýverið er ljóst að gamlar óinnheimtanlegar kröfur höfðu ekki verið afskrifaðar og uppsafnaður rekstrarhalli skólans þess vegna mun meiri en ársreikningar hans sýndu. Ráðuneytið mun halda áfram að vinna að þessum málum eftir þeim leiðum sem lög og reglur gera ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir að samningur um skipulagsmál við sveitarfélagið á staðnum lækki útgjöld skólans, þótt óvíst sé hvaða niðurstöðu viðræður um samning muni skila. Þá er bundnar vonir við að betri aðgreining á staðarhaldi frá eiginlegum skólarekstri auðveldi að stjórna fjármálum skólans.“

3. FINNA VERÐUR VARANLEGA LAUSN Á SKULD SKÓLANS VIÐ RÍKISSJÓÐ

„Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur lagt sig fram við að tryggja að skólinn aðlagi rekstur sinn að fjárheimildum í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga. Reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 gerir ekki, að því er séð verður, ráð fyrir að fagráðuneyti hafi það hlutverk að tryggja að A–hluta aðili sem fengið hefur framlag úr ríkissjóði umfram það sem ákveðið er í fjárlögum endurgreiði ríkissjóði framlagið með þeim hætti sem Ríkisendurskoðun segir að verði að gera. Aðkoma ráðuneytisins að því að leysa skuldavanda skólans hefur fyrst og fremst snúið að því að hann greiddi niður vaxtaberandi skuldir til að lækka fjármagnskostnað. Skuldavandi skólans var að mestu leyti kominn til áður en skólinn var færður til ráðuneytisins í ársbyrjun 2008. Ráðuneytið skorti upplýsingar um rekstur skólans á árinu 2008 til að geta fylgt málum nægilega vel eftir gagnvart honum á því ári. Rekstur skólans á árinu 2009 var innan fjárheimilda ársins og ársáætlun 2010 gerði ráð fyrir hallalausum rekstri innan ársins en vegna tjóns skólans af hestaflensu urðu tafir á sölutekjum sem leiddi til þess að reksturinn reyndist 6,7 m.kr. umfram endanlega fjárheimild ársins. Ársáætlun skólans fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir að sá halli sem myndaðist á árinu 2010 verði greiddur upp á árinu. Mennta- og menningarmálaráðuneyti tekur undir að skólinn þarf að gera upp skuldir sínar. Í því sambandi þarf að hafa í huga að skólinn hefur á árunum 2010 og 2011 þurft að mæta ríflega 17% skerðingu á fjárframlögum vegna aðhaldsmarkmiða ríkisstjórnarinnar. Halli fyrri ára, þ.e. frá því á árinu 2008 og áður er of mikill til þess að skólinn ráði við að greiða hann upp á einu ári á niðurskurðartímum. Skuld skólans við ríkissjóð er mun meiri en staða fjárheimilda segir til um. Ráðuneytið telur mikilvægt að skólinn greiði upp hluta af uppsöfnuðum rekstrarhalla á næstu árum en telur óraunhæft að hann ráði við greiða upp skuldir sem nema 30% af beinum fjárveitingum til skólans í fjárlögum án mikilla afleiðinga fyrir starfsemi hans. Ráðuneytið óskaði eftir því formlega við fjármálaráðuneytið að 60 m.kr. af uppsöfnuðum rekstrarhalla skólans verði felld niður í lokafjárlögum eða jafnhá aukafjárveiting verði veitt í fjárukalögum 2011 til niðurgreiðslu skulda við ríkissjóð. Sama var gert í tengslum við fjárukalög 2010. Ráðuneytið mun áfram beita sér fyrir því niðurstaða fáið í þessi mál.“

4. VIÐSKIPTAKRÖFUR GEFI RÉTTA MYND AF STÖÐU HÓLASKÓLA

„Mennta- og menningarmálaráðuneytið telur mikilvægt að ársreikningur skólans gefi rétta mynd af rekstri hans og efnahag. Skv. lögum nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun er það hlutverk Ríkisendurskoðunar að endurskoða reikninga ríkisstofnana, en það felur m.a. í sér að sannreyna það að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag stofnana. Hlutverk ráðuneytisins er á hinn bóginn að fylgja eftir athugasemdum sem koma fram við endurskoðun bókhalds, þ.e. að fylgja því eftir að forsvarsmenn stofnana fari að tilmælum Ríkisendurskoðunar í endurskoðunarskýrslu.

Í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2007 segir að viðskiptakröfur hafi numið 103,6 m.kr. í árslok og að þær hafi lækkað um 38,4 m.kr. frá fyrra ári, afskrifaðar hafi verið með heimild Ríkisendurskoðunar eldri inneignir á viðskiptamannareikningum að fjárhæð 42,3 m.kr. og leiðréttingar gerðar í bókhaldinu. Í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar segir auk þess:

„Fram kom að í meginatriðum er skipulega staðið að fjármálum og bókhaldi hjá skólanum og ýmis atriði stuðla að öryggi í innra eftirliti hjá honum.“

„Lögð var áhersla á að bókhald skólans sýndi réttasta stöðu þegar menntamálaráðuneytið tæki við honum á árinu 2008. Í því skyni voru gerðar leiðréttingar, afskriftir og aðrar færslur í bókhaldinu sem áður voru nefndar.“

„Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Hólaskóla á árinu 2007, efnahag 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.“

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hafði ekki ástæðu til annars en að telja á grundvelli endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2007, sem barst ráðuneytinu í september 2008, að framkvæmdar hefðu verið þær leiðréttingar á viðskiptabókhaldi skólans sem nauðsynlegar væru. Því er það óvænt og veldur vonbrigðum að enn skuli vera í viðskiptabókahaldinu kröfur sem komnar eru til ára sinna. Á því telur mennta- og menningarmálaráðuneytið sig ekki bera ábyrgð. Eins áður sagði voru afskrifaðar ríflega 42 m.kr. 2007 en það virðist ekki hafa verið fullnaðar tiltekt á viðskiptareikningum eins og endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar gaf þó sterklega til kynna. Athugasemdir í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2008 eru minniháttar þ.e. fram kemur að „*einhver óvissa*“ sé um réttmæti bókfærðar stöðu viðskiptakrafna. Ráðuneytið taldi ekki ástæðu til að fylgja þeirri óljósu athugasemd sérstaklega eftir. Endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2009 hafði ekki borist ráðuneytinu um miðjan október 2011, en kallað hefur verið eftir henni. Endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2010 barst ráðuneytinu í byrjun nóvember.“

5. RÁÐUNEYTIÐ SAMÞYKKI REKSTRARÁÆTLUN SKÓLANS INNAN TÍMAMARKA

„Mennta- og menningarmálaráðuneytið telur mikilvægt að rekstraráætlun liggi fyrir í ársbyrjun enda er slíkt í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga. Áætlunina þarf að samþykkja og skrá í fjárhagsbókhald ríkisins svo hún nýtist til stjórnunar. Ríkisendurskoðun hefur ítrekað komið því á framfæri við ráðuneytið að óheimilt sé

að samþykkja ársáætlanir sem ekki rúmast innan fjárheimilda stofnana að teknu tilliti til fjárheimilda fyrri ára. Það er ástæða þess að ráðuneytið taldi sér ekki fært að samþykkja innsenda ársáætlun 2011 í janúar síðastliðnum. Í framhaldinu átti ráðuneytið samskipti við fjármálaráðuneytið vegna málsins og ákvað loks að samþykkja áætlunina í júlí 2011 með fyrirvara um heimild til slíks. Í þessu sambandi verður að vekja athygli á umfjöllun á bls. 97 í frumvarpi til fjárukalaga 2009. Þar er mælt til að mál þeirra stofnana sem ekki eru reknar innan fjárheimilda verði sett í nýjan farveg. Vísað er til þess að eftir vandlega greiningu á rekstrarstöðu og ráðstöfunum sem stjórnendur hafi gripið til verði gerður samningur milli stofnunar og fagráðuneytis, með aðkomu fjármálaráðuneytis, um nauðsynlegar aðhaldsráðstafanir, úrbætur og aðlögun rekstrar að fjárheimildum á tilteknu tímabili. Samhliða geri fjármálaráðuneyti og fagráðuneyti samkomulag um hvernig uppsöfnuðum vanda verði mætt gangi samningurinn við stofnunina eftir. Hér er lýst aðferðafræði sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur leitast við að fylgja um nokkurt skeið þótt það hafi ekki verið gert með formlegum hætti enda skort heimildir til slíks.“

6. AÐGREINGU SKÓLAHALDS FRÁ STAÐARHALDI Á HÓLUM VERÐI FLÝTT

„Hólaskóli – Háskólinn Hólum hefur um hríð unnið að endurskoðun á fyrri skilgreiningu á staðarhaldi og kostnaðargreiningu út frá þeirri forsendu að staðarhald verði aðgreint frá háskólastarfsemi. Skólinn hefur átt í miklum samskiptum við ráðuneytið vegna þessarar vinnu. Áætlunin sem ráðuneytið vinnur eftir gerir ráð fyrir formlegu samráði við önnur ráðuneyti sem bera ábyrgð á öðrum þáttum en skólahaldi þ.e. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti sem fer með jörðina, innanríkisráðuneyti sem fer með málefni kirkjunnar og fjármálaráðuneyti sem fer með aðrar eignir ríkisins. Markmiðið er að gengið verði frá samkomulagi um skilgreiningu og kostnaðarskiptingu fyrir lok yfirstandandi árs.

Staðarhald er lögbundið hlutverk skólans samkvæmt lögum um búnaðarfræðslu. Nú er unnið að breytingu á lögum um háskóla nr. 63/2006 og endurskoðun laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Hólaskóli – Háskólinn á Hólum mun þá falla undir lög um opinbera háskóla en lög um búnaðarfræðslu nr. 57/1999 verða samhliða felld úr gildi. Þar með verður staðarhald ekki lögbundið verkefni skólans.“

7. MIKILVÆGT AÐ GERÐUR VERÐI SAMNINGUR UM KENNSLU OG RANNSÓKNIR

„Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur unnið að því að flokka og verðleggja nám við Hólaskóla með það að markmiði að skólinn verði felldur undir reglur um fjárveitingar til háskóla skv. 22. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Gildandi reglur, sem settar eru með stoð í eldri lögum um háskóla eru í endurskoðun eins og greint er frá á bls. 257 í fjárlagafrumvarpi 2011 og á bls. 257 í fjárlagafrumvarpi 2012. Þegar lokið verður við gerð samkomulags um skipulagsmál og staðarhald skapast forsendur til að ganga frá samningi um háskólastarfsemina (kennslu og rannsóknir) sbr. 21 gr. laga um háskóla. Ráðuneytið stefnir að því að allri samningsgerð vegna Hólaskóla–Háskólann á Hólum verði lokið fyrir áramót. Rétt er að taka fram að, að því leyti sem samningar ráðuneytisins fjalla um fjárhagsskuldbindingar ríkissjóðs eru settir skýrir fyrirvarar um samþykki Alþingis.“

VIÐBRÖGD HÓLASKÓLA – HÁSKÓLANS Á HÓLUM

1. REKSTUR SKÓLANS VERÐUR AÐ VERA Í SAMRÆMI VIÐ FJÁRHEIMILDIR

„Skólinn hefur átt við rekstrarvanda að stríða um árabíl en frá og með árinu 2009 hefur orðið viðsnúningur í rekstri skólans og hann verið í mun meira jafnvægi. Þessi rekstrarárangur kemur í kjölfar átaksverkefna mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að laga reksturinn að fjárveitingum. Í kjölfar átaksverkefnis árið 2008 var fé veitt í fjár- aukalögum (169 m.kr.) til niðurgreiðslu eldri halla og vegna afskrifta eldri viðskipta- krafna. Aftur á móti varð ekki af tillögu starfshópsins um að hækka fjárlög skólans varanlega um 115 m.kr. Næsta átaksverkefni fólst í því að tilsjónarmaður starfaði með skólanum á fyrri hluta ársins 2009. Áherslur í því starfi voru að láta rekstur skólans rúmast innan fjárveitinga ársins og að unnið yrði á skuldum skólans gagnvart lánardrottnum, en af þeim voru miklir dráttarvextir. Skemmst er frá því að segja að sú fjárhagslega endurskipulagning sem átti sér stað, og stendur enn yfir, fól í sér mikla hagræðingu, sársaukafullan niðurskurð og skipulagsbreytingar hjá skólanum en einnig tókst að afla meiri sértekna. Rekstur skólans árið 2009 var innan fjárheimilda. Viðsnúningur í rekstri skólans frá árinu 2008 var um 107 m.kr. og greitt var úr veltu- skuldavanda skólans gagnvart lánardrottnum árið 2009. Til að greiða fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu lét fjármálaráðuneytið skólanum í té lausafé að upphæð 100 m.kr. sem hluta af aukafjárveitingunni 2008. Fjárhæðin kemur fram í efnahagsreikningi skólans sem skuld við ríkissjóð og nemur um helmingi af öllum skuldum skólans. Árið 2009 kom í ljós að þrátt fyrir lofsvert framtak við að rétta af rekstur skólans með aukafjárveitingu árið 2008 var samt sem áður ennþá um 69 m.kr. uppsafnaðan halla að ræða í lok þess árs. Skólinn hefur ekki haft nokkra burði til að greiða þennan halla niður á árunum 2009-11 samhliða niðurskurði á fjárframlögum. Fjárhagsleg endurskipulagning hélt áfram árin 2010 og 2011. Árið 2010 var 6,7 m.kr. halli á skólanum sem stafaði af ófyrirsjáanlegum kostnaði og tekjutapi vegna hrossasóttar sem einungis fékkst að hluta bætt með aukafjárveitingu, 5.5. m.kr. Hafa ber í huga að skólinn hefur ekki fengið varanlega hækkun á fjárlögum síðan árið 2005 og vegna sparnað- araðgerða ríkisins voru framlög á fjárlögum til skólans skorin niður um 8,5% árið 2010 og 8% árið 2011. Á þessum tíma hefur kostnaður vegna aðfanga skólans einnig stórukist vegna verðhækkana. Aðsókn að skólanum er mjög góð og nemendum hefur fjölgað mikið. Þetta stafar af því að skólinn sinnir kennslu og rannsóknnum á sviðum sem eru þjóðfélaginu afar mikilvæg og eins og aðrir háskólar var skólinn hvattur til að taka inn fleiri nemendur eftir hrun. Margoft hefur verið bent á aukna fjárþörf skólans og opinberar aðgerðir s.s. lagasetningar, viðurkenning háskólastarfs og fjölgun nem- enda, sýna að það hefur verið ætlun stjórnvalda á undanförunum árum að skólinn starfi og þróist áfram.

Á undanförunum árum hefur skólinn unnið mjög skipulega í náninni samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið að umbótum í rekstri skólans. Starfsfólk hefur tekið fullan þátt í þessu verkefni og það hefur fært miklar fórnir. Nú standa yfir formlegar samningaviðræður mennta- og menningarmálaráðuneytisins og skólans um verkefni og fjárveitingar til framtíðar. Skólinn fagnar áformum sem eru til skoðunar hjá ráðuneytinu um fjárveitingar til niðurgreiðslu rekstrarhalla og lausna á skuldavanda skólans. Þessi vinna miðar að því að rekstur skólans verði innan fjárheimilda í framtíðinni. Skólinn mun flýta innleiðingu verkefnabókhalds sem hófst árið 2010.“



2. VIÐSKIPTAKRÖFUR OG -SKULDIR VERÐA AÐ VERA RÉTT METNAR

„Frá og með árinu 2009 hafa viðskiptakröfur skólans verið bókfærðar og innheimtar með eðlilegum hætti. Fjármálastjóri skólans lagði áherslu á að fá ráðgjöf um færslu styrkja og reikninga frá tengilið skólans hjá Ríkisendurskoðun á þessum tíma m.a. vegna erfiðleika sem í ljós voru að koma um stöðu eldri viðskiptakrafna og bókhaldsfærslna þeim tengdum. Farið hefur verið í einu og öllu að ráðgjöf Ríkisendurskoðunar.

Liður í áður nefndu átaksverkefni árið 2008 var að afskrifa eldri viðskiptakröfur og leiðrétta bókhald skólans þannig að það sýndi sem réttasta stöðu við yfirfærslu skólans til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þetta var unnið í náinni samvinnu við Ríkisendurskoðun og í endurskoðunarbréfi ársins 2007 stendur: „*Fram kom að í meginatriðum er skipulega staðið að fjármálum og bókhaldi hjá skólanum og ýmis atriði stuðla að öryggi í innra eftirliti hjá honum*“ ... „*Lögð var áhersla á að bókhald skólans sýndi sem réttasta stöðu þegar menntamálaráðuneytið tæki við honum á árinu 2008. Í því skyni voru gerðar leiðréttingar, afskriftir og aðrar færslur í bókhaldinu sem áður voru nefndar.*“ ... og síðan: „*Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Hólaskóla á árinu 2007, efnahag 31. desember 2007 og breytingar á handbæru fé á árinu í samræmi við lög og góða reikningsskilavinnu*“. Sú trú manna að frágangur eldri viðskiptakrafna og bókhaldsleiðréttinga hefði gengið vel leiddi m.a. til þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið og tilsjónarmaður sem það skipaði töldu ekki ástæðu til að gera sérstaka skoðun á viðskiptakröfum árið 2009. Það kom því nokkuð á óvart að á árinu 2009 kemur í ljós, m.a. í ársreikningi og endurskoðunarbréfi 2008, að „*einhver óvissa*“ sé um færslur viðskiptakrafna árána fyrir 2008. Undanfarin ár hefur skólinn forgangsraðað málum sínum mjög strangt í samræmi við þá fjárhagslegu endurskipulagningu sem hófst 2009 sem skýrir hvers vegna ekki hefur ennþá náðst að ljúka þessu máli. Ríkisendurskoðun hefur eðlilega rekið á eftir að þetta verði leiðrétt og lagt áherslu á að ársreikningur gefi rétta mynd af efnahag skólans. Skólinn tekur fullt mark á þeim tilmælum og vinnur að því að greina þetta afmarkaða vandamál og leysa það í samvinnu við Ríkisendurskoðun og mennta- og menningarmálaráðuneytið sem allra fyrst. Nú þegar hefur hluti færslna verið leiðréttur. Stefnt er að því að hluti eldri viðskiptakrafna verði skuldafnaður (sjá tilvísun til 8 m.kr. eldri viðskiptaskuldar í árslok 2010 í ábendingu). Því liggur ekki fyrir hvaða upphæð verður endanlega afskrifuð.“

3. REKSTRARÁÆTLUN SÉ NÝTT SEM STJÓRNTÆKI

„Það hefur verið stefna skólans að nota rekstraráætlanir sem stjórnæki og á undanförunum árum hefur talsverður árangur náðst í þeim efnum. Við þær aðstæður sem ríkt hafa undanfarin ár hefur fjármálastjórnun skólans snúist um aðhald, niðurskurð og glímu við óvissu um framlög og styrki. Þetta tengist þeim aðstæðum sem nú ríkjá í þjóðfélaginu, viðvarandi niðurskurði opinberra framlaga og að samningagerð við skólann, samhliða aðskilnaði skóla og staðarhalds, hefur staðið til síðan árið 2008. Skólinn tekur því undir með þeirri umfjöllun og ábendingum skýrslunnar sem greina frá mikilvægi þess að skólinn fái samning um verkefni sín og noti rekstraráætlanir hvers árs sem virkt stjórnæki. Greinargerð fylgdi rekstraráætlun ársins 2011.“

1 INNGANGUR

Í starfsáætlun Ríkisendurskoðunar fyrir stjórnýsluendurskoðun á tímabilinu 2010–12 er Hólaskóli tilgreindur meðal þeirra stofnana sem sjónum verði beint að. Úttekt á skólanum hófst með forkönnun í byrjun janúar 2011. Um miðjan febrúar var ákveðið að hefja aðalúttekt og ljúka henni með opinberri skýrslu.

Við vinnslu úttektarinnar kom í ljós að leggja yrði ríka áherslu á fjárhagsstöðu skólans vegna þess hve alvarleg hún er. Umfjöllun um rekstur og efnahag skólans fékk því meira vægi í skýrslunni en ráð var fyrir gert í upphafi. Auk þess leitaðist Ríkisendurskoðun við að kanna stöðu, hlutverk og verkefni skólans innan háskólakerfisins og svara eftirfarandi spurningum:

- Eru verkefni Hólaskóla vel skilgreind?
- Er staða Hólaskóla innan háskólakerfisins skýr?
- Á Hólaskóli sér framtíð í núverandi mynd?

Ríkisendurskoðun leggur ekki sjálfstætt mat á gæði námsins eða mögulegan árangur þess eða ávinning.

Úttektin miðast að mestu við tímabilið 2005–10 en í þeim tilvikum sem við á nær umfjöllunin einnig til ársins 2011.

Ríkisendurskoðun sækir heimild sína til stjórnýsluendurskoðunar í 9. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997. Stjórnýsluendurskoðun er ein aðferð til að stuðla m.a. að skynsamlegri og markvissari meðferð og nýtingu á almannafé og kanna hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins.

Við vinnslu úttektarinnar aflaði Ríkisendurskoðun sér m.a. gagna frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Hólaskóla, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskóla Íslands og R3-ráðgjöf, auk þess sem rætt var við starfsmenn þeirra. Einnig var rætt við forsvarsmenn Landsambands fiskeldisstöðva, formann og varaformann Landssambands hestamannafélaga og formann Félags tanningamanna (suður).

Drög að skýrslunni voru send mennta- og menningarmálaráðuneyti og Hólaskóla til umsagnar, auk þess sem sérstaklega var óskað eftir viðbrögðum við þeim ábendingum sem beint er til þeirra. Ríkisendurskoðun þakkar öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoð við vinnslu úttektarinnar.

2 SKÓLAHALD Á HÓLUM

2.1 HÓLASKÓLI

Búnaðarskólinn á Hólum var stofnaður árið 1882 og heyrði undir ráðuneyti landbúnaðarmála allt fram til ársloka 2007 þegar stjórnarsýslulegt forræði hans færðist til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Skólinn starfar samkvæmt lögum nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu og lögum nr. 63/2006 um háskóla.

**FORMLEGA GERÐUR
AÐ HÁSKÓLA ÁRIÐ
2007**

Árið 1995 hafði landbúnaðarráðuneyti forgöngu um að gerður var verkaskipta-samningur milli menntastofnana landbúnaðarins, þ.e. Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla, til að koma í veg fyrir að sams konar námsbrautir væru kenndar á báðum stöðum. Með reglugerð nr. 244/2003 um Hólaskóla, sem sett var með vísan í 37. grein laga um búnaðarfræðslu, veitti landbúnaðarráðuneyti Hólaskóla árið 2003 heimild til að starfa sem háskólastofnun og brautskrá nemendur með fyrstu háskólagráðu (BS) á sviði fiskeldisfræði, ferðamálafræði og hrossaræktar. Hólaskóli var síðan formlega gerður að háskóla 1. júlí 2007 með breytingu á lögum um búnaðarfræðslu. Í 11. gr. þeirra er kveðið á um að skólinn skuli starfa á þremur afmörkuðum sviðum, þ.e. sem „miðstöð fyrir kennslu og rannsóknir í hrossarækt og hestamennsku, fiskeldi og ferðaþjónustu í dreifbýli“. Á árinu 2008 fékk Hólaskóli á grundvelli 3. gr. laga um háskóla viðurkenningu fræðasviðs samkvæmt alþjóðlegum viðmiðunum um gæði háskólastarfs í auðlinda- og búvísindum og heimild til að byggja upp rannsóknartengt framhaldsnám til MS-prófs.

**FÉKK VIÐURKENN-
INGU FRÆÐASVIÐS
ÁRIÐ 2008**

Í samræmi við 1. gr. reglugerðar nr. 244/2003 um Hólaskóla sinnir skólinn staðarhaldi á Hólum. Þau verkefni sem tengjast umsýslu staðarins samrýmast að litlu eða engu leyti starfsemi Hólaskóla sem háskólastofnunar eða þeim fræðasviðum sem hann nýtur viðurkenningar á. Eftir að mennta- og menningarmálaráðuneyti tók við skólanum hefur verið unnið að því að aðgreina almennt staðarhald á Hólum frá skólahaldi við Hólaskóla, skilgreina hversu umfangsmikið hið fyrrnefnda er og meta raunkostnað við það. Þegar þeirri vinnu lýkur þurfa þau fjögur ráðuneyti sem koma að staðarhaldinu að ná samkomulagi um hversu stór hluti kostnaðarins komi í hlut hvers þeirra. Þetta eru auk mennta- og menningarmálaráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, innanríkisráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Stefnt er að því að ná samningum fyrir árslok 2011.

**SKÓLINN ANNAST
STAÐARHALD Á
HÓLUM**

Áður en hægt er að ganga endanlega frá skiptingu staðarhalds og skólahalds á Hólum verður mennta- og menningarmálaráðuneyti að semja við Sveitarfélagið Skagafjörð um að þjónusta þess við þéttbýlið á Hólum verði í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, enda innheimti sveitarfélagið eðlileg þjónustugjöld vegna þess. Viðræður samningsaðila hafa staðið yfir frá fyrri hluta árs 2010 en miðað hægt. Í september

2011 gaf Sveitarfélagið Skagafjörður loks út yfirlýsingu þar sem fram kemur að það telji eðlilegt að skipulagsmál, gatnagerð, fráveitumál og fleira við þéttbýlið á Hólum í Hjaltadal verði á forræði sveitarfélagsins. Tekið er fram að huga verði sérstaklega að fráveitumálum á Hólum við gerð samninga um yfirfærsluna til sveitarfélagsins og að á vegum sveitarfélagsins sé unnið að greinargerð og tímasettri áætlun um nauðsynlegar úrbætur vegna þeirra. Fram kemur að forsenda yfirfærslu sé að samkomulag náist milli sveitarfélagsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um kostnaðarskiptingu. Auk þess þarf forræði yfir landi sem ætlað er til almenningsþarfa að færast til sveitarfélagsins og því verður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti einnig að koma að samningsgerðinni. Sveitarfélagið lagði áherslu á að samningsgerðinni yrði lokið fyrir mánaðamótin september/október 2011 en það gekk ekki eftir.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti barst í nóvember 2011 greinargerð Sveitarfélagsins Skagafjarðar um nauðsynlegar úrbætur á fráveitukerfi á Hólum og hefur það til skoðunar. Í umsögn ráðuneytisins við drög að skýrslu þessari segir að áformað sé að samningurinn byggji á fyrirmynd sambærilegs samnings Borgarbyggðar og Landbúnaðarskólans á Hvanneyri frá maí 2002. Ráðuneytið vinni nú að skilgreiningu á staðarhaldi og kostnaðarmati út frá hreinum aðskilnaði frá háskólastarfsemi. Í framhaldinu verði síðan gerður samningur um fjármögnun staðarhalds og munu hlutaðeigandi ráðuneyti væntanlega koma að því máli. Ráðuneytið hafi skipt úrlausnarefninu í þrjá meginflokk, þ.e. skipulagsmál, staðarhald og háskólasamning um kennslu og rannsóknir. Stefnt sé að því að þessum málum verði öllum lokið fyrir áramót 2011/2012.

Ríkið á töluverðar fasteignir á Hólum sem eru í umsjón Hólaskóla, m.a. skólahús, sundlaug og ípróttahús, hesthús, hlöðu, reiðhöll og fjárhús sem nú hýsir fiskeldisstöðina. Auk þess á ríkið hluta af íbúðarhúsnæði staðarins. Í skýrslu starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytis *Efling Hólaskóla – Háskólans á Hólum* (júní 2008) kom fram að brunabótamat fasteigna í umsjón Hólaskóla næmi rúmlega 742 m.kr. á þeim tíma.

Á síðari árum hafa velunnarar Hólaskóla smám saman skotið fleiri stoðum undir starfseminna. Nú er svo komið að fjölmargar stofnanir og einkahlutafélög eru í samstarfi og viðskiptum við skólann og nemendur hans. Dæmi um það er einkahlutafélagið Hesthólar sem eiga og reka Brúnastaði sem nær yfir hesthús, kennsluáðstöðu og reiðhöll á Hólum. Félagið er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga og einkahlutafélagsins Þrjár. Nemendur greiða fyrir aðstöðu sem þeir taka á leigu fyrir eigin hesta og skólinn borgar leigu fyrir kennsluáðstöðu og stíur í hesthúsi.

2.2 NÁMSFRAMBOÐ OG AÐSTAÐA

Tafla 2.1 sýnir fjölda nemenda við Hólaskóla skólaárin 2007–11 skipt niður á námsbrautir. Um er að ræða skráða nemendur en ekki ársnemendur (nemendaígildi)¹ (sjá kafla 2.3). Taflan sýnir að töluverðar breytingar hafa orðið á námsframboði og nemendafjölda Hólaskóla síðustu misseri. Einkum hefur nemendum ferðamáladeildar fjölgað mikið, þ.e. úr 31 veturinn 2007–08 í 168 veturinn 2010–11, og býður skólinn

¹ Nemendaígildi eru reiknuð með að deila 60 einingum (þeim fjölda eininga sem þarf að skila á hverri önn til háskólagráðu) í heildarfjölda þreyttra eininga á viðkomandi önn.

**12 MEISTARANEMAR
STUNDUÐU NÁM VIÐ
SKÓLANN VETURINN
2010–11**

**NÁMSFRAMBOÐ
SKARIST SEM MINNST
VIÐ AÐRA HÁSKÓLA**

**FJÖLBREYTT
SAMSTARF VIÐ AÐRA
HÁSKÓLA**

nú upp á meistaranám í ferðamálafræðum. Skólinn hefur einnig byggt upp nám til BS-prófs í reiðmennsku og reiðkennslu. Þar er þriðjungur nemenda af erlendu bergi brotinn. Þá hefur skólinn byggt upp meistaranám í fiskeldis- og fiskalíffræði. 12 meistaranemar stunduðu nám við skólann veturinn 2010–11, sex við fiskeldis- og fiskalíffræðideild og sex við ferðamáladeild, en enginn veturinn 2007–08.

Í samræmi við gæðastefnu háskóla og í anda svokallaðs *Bologna*-kerfis hefur Hólaskóli haft frumkvæði að því að sérhæfa sig og móta námsframboð sitt þannig að það skarist sem minnst við námsframboð annarra háskóla enda sé sérhæfing í raun lykill að árangri lítilla háskóla. Samhliða því leggur Hólaskóli ríka áherslu á samstarf við aðra háskóla, m.a. með því að bjóða upp á sveigjanleika í námsleiðum og prófgráðum nemenda þannig að þeir hafi tækifæri til að taka bæði styttri námsleiðir sem skila diplómaprófi eða lengri námsleiðir sem skila bakkalár- eða meistaraþrófi. Hólaskóli býður upp á, eða er að undirbúa, námsleiðir sem skila alls tólf aðskildum prófgráðum, þar af sex með diplómaprófi við allar deildir skólans, fjórar með bakkalárprófi og tvær með meistaraþrófi. Í október 2011 brautskráði skólinn í fyrsta sinn nemendur með MS-próf í sjávar- og vatnalíffræði frá fiskeldis- og fiskalíffræðideild.

2.1 Námsbrautir og skráðir nemendur við Hólaskóla		FJÖLDI SKRÁÐRA NEMENDA			
ÁR	HEITI BRAUTAR	2007–08	2008–09	2009–10	2010–11
1. ÁR	DIPLÓMANÁM Í FERÐAMÁLAFRÆÐI	0	55	39	29
2. ÁR	DIPLÓMANÁM Í FERÐAMÁLAFRÆÐI	0	0	0	2
1. ÁR	DIPLÓMANÁM Í VIÐBURÐASTJÓRNUN	11	20	22	37
1. ÁR	BA- Í FERÐAMÁLAFRÆÐI	9	8	28	43
2. ÁR	BA- Í FERÐAMÁLAFRÆÐI	11	4	17	38
3. ÁR	BA- Í FERÐAMÁLAFRÆÐI	0	6	0	13
1. ÁR	MA- Í FERÐAMÁLAFRÆÐI	0	0	0	5
2. ÁR	MA- Í FERÐAMÁLAFRÆÐI	0	2	1	1
SAMTALS FERÐAMÁLADEILD		31	95	107	168
2. ÁR	DIPLÓMANÁM Í TAMNINGUM	24	23	23	23
3. ÁR	DIPLÓMANÁM Í ÞJÁLFUN, REIÐKENNSLU	9	17	9	13
1. ÁR	HESTAFRÆÐINGUR, LEIÐBEINANDI	30	30	29	0
1. ÁR	BS- Í REIÐMENNSKU, REIÐKENNSLU	0	0	0	24
3. ÁR	BS- Í HESTAFRÆÐUM	0	13	5	0
SAMTALS HESTAFRÆÐIDEILD		63	83	66	60
1. ÁR	DIPL.NÁM Í NÁTTÚRU- OG AUÐLINDAFR.	0	0	0	0
2. ÁR	DIPL.NÁM Í NÁTTÚRU- OG AUÐLINDAFR.	0	0	0	0
1. ÁR	DIPLÓMANÁM Í FISKELDI	7	7	6	13
3. ÁR	BS- Í SJÁVAR- OG VATNALÍFFRÆÐI	0	0	0	0
3. ÁR	MS- Í SJÁVAR- OG VATNALÍFFRÆÐI	0	5	6	6
SAMTALS FISKELDIS- OG FISKALÍFFRÆÐIDEILD		7	12	12	19
NEMENDAFJÖLDI SAMTALS		101	190	185	247

Upplýsingar frá Hólaskóla.

Að sögn stjórnenda Hólaskóla hafa þeir haft frumkvæði að því að setja upp sameiginlegar námsleiðir og prófgráður með öðrum háskólum. Hólaskóli býður þannig upp á sameiginlega námsbraut í sjávar- og vatnalíffræði með Háskóla Íslands og sameiginlega námsbraut í hestafræðum með Landbúnaðarháskóla Íslands. Auk þess hefur hann gert samstarfssamning við Háskólann á Akureyri um sameiginlega námsbraut í náttúru- og auðlindafræðum. Nemendur útskrifast í öllum tilvikum með sameiginlega prófgráðu frá báðum skólum. Að mati skólans er slíkt samstarf háskólanna í landinu kjörin leið til að nýta mannauð, aðstöðu og sérhæfingu þeirra sem best.

Loks ber að geta þess að Hólaskóli er í erlendu samstarfi og rís þar hæst samstarfssamningur Hólaskóla og *University of Guelph* í Kanada sem upphaflega var undirritaður 1995 og endurnýjaður 2001. Sá samningur tekur til stúdenta- og starfsmannaskipta og rannsóknasamstarfs. Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Landbúnaðarháskóli Íslands eru einnig aðilar að samningnum.

2.2.1 AÐSTAÐA TIL KENNSLU OG RANNSÓKNA

Aðstaða til verklegrar kennslu og rannsókna í hestafræði og fiskeldis- og fiskalíffræði er góð (sjá kafla 2.2.2 og 2.2.3). Í aðalbyggingu Hólaskóla fer fram bókleg kennsla í fjórum kennslustofum og rúmar hver þeirra 15–30 nemendur. Hægt er að opna á milli tveggja kennslustofa og skapa þannig fyrirlestrarsal fyrir 50 nemendur. Í aðalbyggingunni er jafnframt aðstaða fyrir ýmsa stoðþjónustu, s.s. bókasafn, tölvuver, skrifstofu námsráðgjafa og mötuneyti. Eftir efnahagshrunið haustið 2008 hefur aðsókn að námi við skólann aukist mikið en miðað við núverandi aðstöðu fyrir bóklegt nám er skólinn vart í stakk búin til að taka við þeirri aukningu. Einkum hefur skapast vandi þegar staðarnámslotur ferðamáladeildar eru haldnar en í slíkum tilvikum er kennt í íþróttasal skólans og er þá oft þröngt um nemendur. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um frekari uppbyggingu á aðstöðu fyrir bóklegt nám við Hólaskóla en að sögn stjórnenda hans mætti nýta betur kennslustofur sem skólinn hefur aðgang að í Verinu – Vísindagörðum á Sauðárkróki.

2.2.2 FISKELDIS- OG FISKALÍFFRÆÐI

Við fiskeldis- og fiskalíffræðibraut er boðið upp á 60 ECTS eininga bók- og verklegt diplómanám í fiskeldi og 120 ECTS eininga nám til MS-prófs í sjávar- og vatnalíffræði, auk sameiginlegrar námsbrautar með Háskóla Íslands til 180 ECTS eininga BS-prófs í sjávar- og vatnalíffræði. Fyrstu tvö námsárin fara fram við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands en þriðja árið við fiskeldis- og fiskalíffræðideildina á Hólum. Auk þessa verður í fyrsta skipti veturinn 2011–12 boðið upp á 120 ECTS eininga diplómanám í náttúru- og auðlindafræði í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Þeirri námsbraut geta nemendur lokið með BS-prófi í líftækni, sjávarútvegsfræði eða fiskeldisfræði. Rannsóknarþáttur fiskeldisnámsins fer fram við Hólaskóla. Skólinn hefur til þessa ekki útskrifað nemendur sem stunda nám á BS-stigi við fiskeldis- og fiskalíffræðideild.

Á Sauðárkróki er góð kennslu- og rannsóknaraðstaða til alhliða rannsókna á ferskvatns- og sjávarlífverum. Hólaskóli hefur tekið þátt í uppbyggingu Versins – Vísindagarða, í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Matís ohf., Iceprotein ehf. og Umhverfið þitt ses., sem er í húsnæði FISK Seafood hf. á Sauðárkróki. Markmið garðanna er að annast rekstur kennslu- og rannsóknaraðstöðu ásamt því að skapa aðstöðu og

**AÐSTAÐA HENTAR
ILLA TIL KENNSLU
STÓRRA NEMENDA-
HÓPA**

**SAMEIGINLEGAR
NÁMSBRAUTIR TIL
BS-PRÓFS**

**GÓÐ KENNSLU- OG
RANNSÓKNAR-
AÐSTAÐA Á
SAUÐÁRKRÓKI**



vettvang til samstarfs milli vísindamanna og fyrirtækja á sviði nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi. Þar eru tvær kennslustofur sem rúma 10 og 40 nemendur, auk þess sem þar er möguleiki að útbúa fyrirlestrarsal fyrir um 100 manns. Aðstaða til rannsókna í fiskeldi er í fiskeldisstöðinni á Hólum og er hún sérhönnuð til erfða- og kynbótarannsókna á ferskvatnsfiskum.

Á árinu 1998 gerði Hólaskóli samning við landbúnaðarráðuneyti um kynbætur á íslenskri eldisbleikju og miðast verkefnið m.a. við sölu á kynbættum hrognum til innlendra eldisstöðva. Verkefnið er unnið í nánu samstarfi við bleikjueldisstöðvarnar Silfurstjörnuna hf., Íslandsbleikju ehf., Hólalax hf. og Háafell ehf. Viðmælendur Ríkisendurskoðunar áréttuðu mikilvægi starfsemi fiskeldis- og fiskalíffræðideildar og að þar færi fram sérhæft rannsóknar- og þróunarstarf sem bæri að efla, t.d. með því að setja á stofn rannsókna- og fræðasetur um fiskeldi. Auk þess væri starfsemin mikilvæg fyrir framleiðslu á eldisbleikju.

Þessi sjónarmið eru frekar skýrð í skýrslu Landsambands fiskeldisstöðva [Staða fiskeldis á Íslandi, framtíðaráform og stefnumótun Landsambands fiskeldisstöðva í rannsóknar- og þróunarstarfi 2010–2013](#) (2009). Þar er gerð grein fyrir stöðu fiskeldis á Íslandi, framtíðaráformum og tillögum í rannsóknar- og þróunarstarfi. Áhersla er lögð á að þau rannsóknar- og þróunarverkefni sem valin eru hverju sinni og styrkt af opinberum sjóðum skili sem mestum og skjótvirkustum afrakstri til greinarinnar. Gert er ráð fyrir áframhaldandi aukningu í bleikjueldi og að vöxturinn verði að jafnaði um 10% á ári fram til ársins 2015. Til að þetta gangi eftir þarf að tryggja nægjanlegt framboð hrogna, efla sjúkdómavarnir og halda áfram að byggja upp öflugt markaðsstarf. Hlutur fiskeldis- og fiskalíffræðideildar að Hólum er nokkur í þessari framtíðarsýn, enda er hún eini staðurinn á landinu þar sem gerðar eru rannsóknir á fiskeldi ásamt því að taka þátt í framleiðslu á hrognum fyrir eldisstöðvarnar. Það sem athygli vekur við þetta fyrirkomulag er að Hólaskóli er í miklu samstarfi við einkafyrirtæki á þessu sviði en á sama tíma e.t.v. að einhverju leyti í samkeppni við þau.

2.2.3 HESTAFRÆÐI

Við hestafræðideild hefur verið unnið að uppbyggingu námsins og veitir Hólaskóli nú fagmenntun í tveimur greinum til 180 ECTS eininga BS-prófs, þ.e. í hestafræði annars vegar og reiðmennsku og reiðkennslu hins vegar. Nám til BS-prófs í reiðmennsku og reiðkennslu var í fyrsta skipti kennt á háskólastigi veturinn 2010–11 og verða nemendur brautskráðir frá Hólaskóla. Nám til BS-prófs í hestafræðum er sameiginleg námsgráða með Landbúnaðarháskóla Íslands, þar sem grunnfög raungreina og sérfög búvísinda ásamt rekstrargreinum eru kennd á Hvanneyri en námskeið í reiðmennsku og flestum sérhæfðum hestafögum fara fram á Hólum. Nemendur í þeirri grein eru brautskráðir frá skólunum til skiptis. Auk þess býður Hólaskóli upp á diplómanám í tveimur greinum, þ.e. 60 ECTS eininga leiðbeinendapróf og 120 ECTS eininga tamningapróf.

Aðstaða til verklegrar kennslu og rannsókna innan hestafræðideildar er góð. Á háskólasvæðinu eru þrjár reiðhallir: Brúnastaðir sem er 700 m² reiðhöll í eigu einkaaðila og tvær í eigu ríkisins, þ.e. 800 m² reiðhöll sambyggð elsta hesthúsi skólans og Þrárhöll sem er 1.545 m² reiðhöll með stúku. Að auki eru á Hólum reiðvöllur og um 100 hektara ræktað land og beitiland sem nýtist til heyskapar og beitar. Á svæðinu eru

hesthús með aðstöðu fyrir um 300 hesta og dýralæknaaðstaða fyrir almennar skoðanir og minniháttar aðgerðir á hestum. Við vinnslu úttektarinnar komu fram sjónarmið um mikilvægi þess að nýta þessa góðu aðstöðu vel hér eftir sem hingað til. Skólinn væri leiðandi í hestafræðum og þá einkum í þeirri grein sem lýtur að reiðlist. Hestamennska á Íslandi sé margþætt, þar tvinnist saman hagsmunir atvinnugreina, s.s. starfsemi tamningamanna, þjálfara, reiðkennara, hrossakaupmanna, hrossaræktenda og hrossabænda, auk þess sem hestamennska sé íþróttagrein þar sem mikil áhersla er lögð á gæði. Þá sé hestamennska almenningsíþrótt og dægradvöl.

Í viðtölum Ríkisendurskoðunar við forsvarsmenn skólans kom fram að nám við hestafræðideild sé nú sérhæfðara og lengra en áður og í fullu samræmi við stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytis um nám á háskólastigi. BS-nám í reiðmennsku og reiðkennslu feli því í sér mun fleiri bóklegar og verklegar einingar en áður, sbr. námsskrá skólans. Jafnframt sé verið að þróa rannsóknarverkefni og auka verknám við deildina. Nokkrir aðrir viðmælendur Ríkisendurskoðunar létu í ljós efasemdir um réttmæti og hagkvæmni þess að færa allt nám hestafræðideildar upp á háskólastig og bentu á að með því skorti undanfara námsins í menntakerfinu. Forsvarsmenn skólans greindu hins vegar frá því að skólinn hefði staðið að uppbyggingu undirbúningsnáms fyrir nemendur á framhaldsskólastigi. Gert væri ráð fyrir að bjóða upp á stúdentspróf á hestafræðibraut við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ og að nemendur fái góðan undirbúning fyrir háskólanámið í gegnum knapamerkjakerfið við Framhaldsskólann á Sauðárkróki, auk þess sem Fjölbrautaskóli Suðurlands bjóði upp á námsbrautir í hestafræðum. Í umsögn Hólaskóla við drög að skýrslu þessari segir að knapamerkjakerfið sé heildstætt námskerfi (námsefni, ýtarleg kennsluhandbók, stöðluð samræmd próf, sameiginlegur gagnagrunnur og samræmd gæðakerfi, þ.e. réttindi kennara og prófdómara). Skólinn hafi byggt kerfið upp og hafi umsjón með því. Kerfið hafi verið notað víða um land hjá hestamannafélögum, reiðkennurum og í þeim framhaldsskólum sem bjóða upp á hestafræðinám sem hluta stúdentsprófs.

Ríkisendurskoðun ræddi við formenn Landssambands hestamannafélaga og Félags tamningamanna (suður) til að kanna viðhorf þeirra til hestafræðideildar skólans. Að mati þeirra þyrfti að bæta verknámið og laga það að mismunandi þörfum greinarinnar. Talsmaður Landssambands hestamannafélaga taldi einnig að fyrirkomulag námsins væri óheppilegt. Það myndi nýtast starfsemi sem lýtur að hestamennsku betur og vera hagkvæmara ef Hólaskóli byði einnig upp á starfstengt réttindanám samfara námi á háskólastigi þar sem eftirspurn eftir háskólamenntuðu starfsfólki við atvinnugreinina í heild sinni væri takmörkuð.

Í umsögn Hólaskóla við drög að skýrslu þessari kemur fram að Félag tamningamanna hafi unnið náið með skólanum að þróun námsins og gæðakröfum um langt árabíl, tekið þátt í uppbyggingu skólans sem háskóla og að félagið eigi fulltrúa í háskólaráði. Þá telur skólinn að álit talsmanns Landssambands hestamannafélaga sé á skjön við þá staðreynd að yfir 90% af útskrifuðum háskólamenntuðum reiðkennurum frá skólanum frá upphafi starfi að fullu í greininni.

Talsmaður Landssambands hestamannafélaga benti á að umfangsmikið alþjóðlegt samstarf væri um íslenska hestinn og hefðu alþjóðasamtökin *Federation of Icelandic*

ALLT NÁM HESTAFRÆÐIDEILDAR Á HÁSKÓLASTIGI

Horse Associations (FEIF) lagt áherslu á velferð hans auk þess að standa fyrir alþjóðlegum hestamótum. Talið er að hestar af íslenskum stofni séu um 230.000, þar af um þriðjungur á Íslandi. Nýta mætti hina góðu aðstöðu á Hólum betur með því að bjóða upp á sí- og endurmenntunarnámskeið yfir sumartímann. Þá komu fram þau sjónarmið að afla mætti skólanum frekari sértekna með því að koma á fót alþjóðlegri deild um íslenska hestinn. Í þeim gögnum sem Ríkisendurskoðun hefur undir höndum kemur fram að ráðuneytið hafi ekki áform um að móta stefnu eða taka ákvörðun um fyrirkomulag náms í hestafræðum á háskólastigi. Ríkisendurskoðun telur æskilegt að ráðuneytið taki afstöðu til þess hvernig uppbygging og fyrirkomulag náms í hestafræðum verði háttáð þó að nánari útfærsla verði á höndum skólans sjálfs.

2.2.4 FERÐAMÁLAFRÆÐI

Við ferðamáladeild er boðið upp á 60 ECTS eininga diplómanám í viðburðastjórnun, 90 ECTS diplómanám í ferðamálafræði og 180 ECTS eininga grunnnám í ferðamálafræði til BA-prófs. Auk þess býður skólinn upp á 120 ECTS eininga meistaranám til MA-prófs, með áherslu á ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Nemendur geta valið hvort þeir stunda námið í staðarnámi eða fjarnámi með staðbundnum lotum. Einungis 25 af 168 skráðum nemendum við deildina voru í staðarnámi veturinn 2010–11.

Í viðtölum sínum við Ríkisendurskoðun bentu forsvarsmenn skólans á sérstöðu námsins. Það væri í góðum tengslum við ferðaþjónustu bænda og stuðlaði að frumkvöðla- starfi. Dæmi um það væri Þórbergssetur á Hala í Suðursveit. Þá ætti deildin í víðtæku samstarfi um rannsóknir og þróunarverkefni við aðra háskóla og rannsóknarstofnanir innanlands, fræðasetur, fyrirtæki og stofnanir. Dæmi um það séu Samtök ferðaþjón- ustunnar og Ferðamálastofa auk Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála sem jafnframt er í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fól nefnd erlendra sérfræðinga að gera úttekt á námi í ferðamálafræðum við íslenska háskóla. Í skýrslu hennar, *Evaluation of Tourism Studies – Holar University College*, frá því í mars 2011 kemur m.a. fram að deildin hafi skýra framtíðarsýn og veiti mikilvæga þjónustu í formi þekkingar og þjálfaðs starfsfólks til ferðamála á landsbyggðinni. Þar segir einnig að leggja þurfi áherslu á brautskráningu nemenda og að bæta þurfi meistaranám deildarinnar svo það standist betur kröfur um gæði námsins. Lagt er til að skólinn auki samvinnu sína við aðra háskóla í ferðamálafræðum, hækki menntunarstig kennara með nýrri stefnumótun og starfsmannaþróun og efli fræðilegar rannsóknir. Að sögn skólans er nú unnið að þeim úrbótum sem lagðar eru til í skýrslunni.

2.3 NEMENDAFJÖLDI OG BRAUTSKRÁNINGAR

Um 18.800 nemendur voru skráðir í háskólanám á Íslandi veturinn 2010–11, þar af voru 247 nemendur við Hólaskóla. Mjög fáir nemendur stunda því nám við skólann enda aðeins kenndar þrjár fræðigreinar, þ.e. hestafræði, fiskeldis- og fiskalíffræði og ferðamálafræði. Tafla 2.2 sýnir fjölda skráðra nemenda við Hólaskóla árin 2005–11 eftir deildum samkvæmt upplýsingum frá Hólaskóla. Eins og sjá má hefur fjöldi skráðra nemenda nánast tvöfaldast á tímabilinu. Mesta fjölgunin varð í ferðamáladeild en stór

hluti þeirra nemenda er í fjarnámi, t.d. voru aðeins 25 nemendur af 168 í staðarnámi veturinn 2010–11.

2.2 Skráðir nemendur við Hólaskóla skólaárin 2005–11 eftir deildum						
	2005–06	2006–07	2007–08	2008–09	2009–10	2010–11
FISKELDIS- OG FISKALÍFFRÆÐIDEILD	10	0	7	12	12	19
HESTAFRÆÐIDEILD	51	65	63	83	66	60
FERÐAMÁLADEILD	68	68	31	95	107	168
HEILDARFJÖLDI	129	133	101	190	185	247

Upplýsingar frá Hólaskóla.

Taka skal fram að ársnemendur (nemendaígildi) eru jafnan mun færri en skráðir nemendur. Í svari mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Lilju Mósesdóttur um íslenska háskólanema frá 28. febrúar 2011 kemur fram að nemendaígildi Hólaskóla hafi verið áætluð 190 í frumvarpi til fjárlaga árið 2011. Samkvæmt upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti komu í ljós miklir annmarkar á nemendabókhalda Hólaskóla þegar hann færðist undir forræði þess í ársbyrjun 2008. Skólinn staðfesti að nemendabókhaldskerfi hefði ekki verið tekið upp fyrr en í ársbyrjun 2010. Það er því erfitt að greina raunverulegan fjölda ársnemenda við Hólaskóla fyrir þann tíma en samkvæmt upplýsingum þaðan fjölgaði ársnemendum úr 108 í 162 milli árana 2009–10, eða um 50%. Deildir skólans breyttust ekki þegar skólinn var formlega gerður að háskóla árið 2007 en það er fyrst og fremst frá þeim tíma sem hann hefur færst nær því að uppfylla kröfur sem gerðar eru til háskóla þótt hann hafi fengið leyfi til kennslu á háskólastigi með reglugerð árið 2003. Flestir nemendur skólans stunduðu nám á framhaldsskólastigi til ársins 2007, árið 2008 voru þeir 24 og 28 árið 2009.

**ÁRSNEMENDUM
FJÖLGAÐI UM 50%
MILLI 2009–10**

Tafla 2.3 sýnir fjölda brautskráðra nemenda Hólaskóla árin 2005–10 eftir deildum. Flestir útskrifuðust frá hestafræðideild, eða 84% allra brautskráðra nemenda árið 2010.

**84% BRAUTSKRÁÐRA
NEMENDA ÁRIÐ 2010
AF HESTAFRÆÐIDEILD**

2.3 Brautskráðir nemendur við Hólaskóla 2005–10						
	2005	2006	2007	2008	2009	2010
FISKELDIS- OG FISKALÍFFRÆÐIDEILD	7	4	1	5	0	1
HESTAFRÆÐIDEILD	37	46	58	53	50	59
FERÐAMÁLADEILD	7	15	19	18	12	10
HEILDARFJÖLDI	51	65	78	76	62	70

Upplýsingar frá Hólaskóla.

Að sögn Hólaskóla er brottfall ekki eins mikið og samanburður á upplýsingum í töflu 2.2 og töflu 2.3 gefur til kynna heldur skýrist munur á fjölda skráðra nemenda og brautskráðra einkum af því að margir nemendur eru lengi í námi, þ.e. taka fáar einingar á hverri önn. Auk þess taki skólinn við nemendum frá öðrum skólum (nemendaskipti) sem stundi hluta námsins við Hólaskóla en útskrifist frá öðrum háskólum.

**MIKILL MUNUR Á
FJÖLDA SKRÁÐRA OG
BRAUTSKRÁÐRA
NEMENDA**

2.3.1 NEMENDAFRAMLÖG

Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2011 kemur fram að mennta- og menningarmálaráðuneyti áætli skiptingu fjárveitinga milli kennslu og rannsókna háskóla á grundvelli reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla og samninga við þá sem gerðir eru á grundvelli laga nr. 63/2006 um háskóla. Við skiptingu fjárveitinga til kennslubáttarins sé einnig stuðst við endurskoðað reiknilíkan. Gert sé ráð fyrir að líkaninu og reglunum verði breytt í áföngum á næstu árum. Nýlegar breytingar feli í fyrsta lagi í sér að skólar fái sérstök brautskráningarframlög til viðbótar við framlög á grundvelli ársnemendafjölda. Miðað hafi verið við meðalfjölda árin 2007 og 2008 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Í öðru lagi miðist framlögin að mestu við veginn meðalfjölda ársnemenda á liðnum árum en aðeins að litlu leyti við spá um fjölda á komandi ári. Það leiði til þess að breytingar á ársnemendafjölda hafi ekki samstundis áhrif á fjárveitingar heldur smám saman. Í þriðja lagi hafi verið gerðar ýmsar breytingar á forsendum sem breyti verðhlutföllum innbyrðis milli verðflokka og leiði til þess að munur á lægsta flokki og öðrum verðflokkum náms minnki. Tafla 2.4 sýnir þá sjö verðflokka líkansins, á bilinu 0,5–2,2 m.kr., sem kennsluframlag á hvern nemanda skiptist í árið 2011.

2.4 Nemendaframlög skv. reiknilíkani háskóla árið 2011 í þús.kr.		
	FLOKKUR	FRUMVARP 2011
FÉLAGS- OG MANNVÍS., TUNGUMÁL, LÖGFR., GUÐFR., OFL.	1	474
STÆRÐFRÆÐI OG TÖLVUFRÆÐI	2	672
HJÚKRUNARFRÆÐI	3	731
KENNARANÁM OG UPPELDISFRÆÐI	4	842
VERK-, RAUN- OG TÆKNIGREINAR	5	935
LÆKNISFRÆÐI	6	1.371
TANNLÆKNANÁM	7	2.224

Frumvarp til fjárlaga árið 2011.

Fram til þessa hafa fjárveitingar til Hólaskóla verið afgreiddar á Alþingi án þess að fylgt hafi verið reglum mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjárveitingar til háskóla. Fjárveitingarnar byggja því á sögulegum forsendum. Allir háskólar landsins nema Hólaskóli og Landbúnaðarháskóli Íslands fá framlög frá ríkinu sem byggja á reiknilíkani háskóla.

Samkvæmt upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur vinna við að verðleggja og flokka nám við Hólaskóla dregist vegna þess að unnið hefur verið að því að laga skólann að faglegum kröfum háskólastigsins frá því hann færðist undir forræði þess í ársbyrjun 2008. Þá hafi fáir ársnemendur stundað nám við Hólaskóla hingað til (haustið 2011) en til að falla með raunhæfum hætti inn í reiknilíkanið þurfi tiltekinn lágmarksfjöldi ársnemenda. Lágmarksfjöldinn sé breytilegur eftir reikniflokkum. Í námi sem fellur í flokk 1 sé t.d. að jafnaði gert ráð fyrir 15–30 ársnemendum að lágmarki, í flokki 5 séu þeir að jafnaði um 12 og í flokki 7 geti lágmarkið farið allt niður í tvo ársnemendur. Þá hafi nemendabókhald skólans verið í ólestri til ársins 2010 og því ekki ljóst hver raunverulegur fjöldi ársnemenda var fyrr en þá. Auk þessa hafi gengið hægt að greina kostnað við staðarhald á Hólum frá kostnaði við skólahald og að skilgreina hvaða starfsemi skuli tilheyra lögbundinni þjónustu Sveitarfélagsins

Skagafjarðar (sjá kafla 2.1). Þetta séu allt forsendur fyrir því að fella megi starfsemi skólans að reglum um fjárveitingar til háskóla. Ráðuneytið tekur þó fram að það hvíli engin lagaleg skylda á því að skilgreina forsendur náms í Hólaskóla í reiknilíkani háskóla.

Reiknilíkanið áætlaframlög til kennslu en ekki rannsóknna. Almenna reglan er að árleg fjárveiting til háskóla vegna rannsóknna, nýsköpunar og þróunar og húsnæðis sem slíkri starfsemi tengist, sé ákveðin með samningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og viðkomandi háskóla. Í tilfalli Hólaskóla hefur ráðuneytið hins vegar skilgreint að hluti af árlegri heildarfjárveitingu skólans renni til rannsókna og annars án þess að samningur liggja þar að baki. Í frumvarpi til fjárlaga árið 2011 var þannig áætlað að heildarfjárveiting til skólans næmi 238,7 m.kr., þar af færu 141,2 m.kr. (59%) til kennslu og 97,5 m.kr. (41%) til rannsókna og annars. Í umsögn ráðuneytisins við drög að skýrslu þessari kemur fram að það telji sig ekki þurfa að gera samning við skólann þó það áætli skiptingu framlaga í fjárlagafrumvarpi milli kennslu og annarra verkefna skólans. Sú áætlun bindi á engan hátt stjórnendur skólans enda sé ekki um verk- eða þjónustukaup að ræða og engin uppgjör eigi sér stað milli ráðuneytisins og skólans.

2.4 STAÐA HÓLASKÓLA TIL FRAMTÍÐAR

Í desember 2007 skipaði menntamálaráðherra starfshóp um eflingu Hólaskóla. Honum var falið að leggja fram tillögur sem stuðlað gætu að frekari uppbyggingu og eflingu skólans til framtíðar. Í niðurstöðum hópsins, sem birtar voru í skýrslunni *Efling Hólaskóla – Háskólans á Hólum* (júní 2008), var m.a. lagt til að skólinn fengi 115 m.kr. hækkun á fjárlögum ársins 2009. Jafnframt yrði skólinn gerður að sjálfseignarstofnun á forræði þeirra atvinnugreina sem nám skólans lýtur að og við hann gerður samningur um framlög ríkisins til 3–5 ára. Menntamálaráðherra og ríkisstjórn samþykktu tillögurnar 28. ágúst 2008. Þegar ný ríkisstjórn tók til starfa 1. febrúar 2009 ákvað hún hins vegar að hverfa frá því að gera Hólaskóla að sjálfseignarstofnun. Nýr starfshópur var skipaður í mars 2009 og skilaði hann greinargerð um rekstrarvanda Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla í apríl 2009. Í tillögum hópsins var m.a. lagt til að mennta- og menningarmálaráðuneyti og landbúnaðarháskólarnir sameinuðust um að „rjúfa vítahring fjárlaga og aukafjárlaga“ með því að fjármagn fylgdi verkefnum. Auk þess kom fram að aðskilja yrði staðarhald frá skólalaldi á Hólum og tryggja rekstrargrundvöll skólans.

Þann 9. ágúst 2010 lagði menntamálaráðherra fram stefnu um opinbera háskóla þar sem gerð er grein fyrir stofnun samstarfsnets opinberra háskóla. Áhersla er á að efla háskólakennslu, rannsóknir og nýsköpun til styrktar framtíðaruppbyggingu samfélagsins og auðvelda samvinnu háskóla í framtíðinni. Þá er stefnt að því að hagræða í rekstri háskóla þannig að fjármunir nýtist sem allra best og halda uppi öfluglu og fjölbreyttu háskólastarfi víðs vegar um landið. Með samstarfsnetinu fá nemendur fleiri tækifæri en áður til að sníða nám sitt að eigin þörfum og sækja námskeið í fleiri en einum háskóla. Unnið er að mótun gæðakerfis þar sem samræmt gæðamat mun gilda fyrir alla opinberu háskólana. Auk þess á að stofna sameiginlega vefgátt og eitt upplýsingakerfi með sameiginlegu nemendabókhaldi og kennslu- og námsvef fyrir fjarkennslu. Háskóli Íslands er leiðandi í þessu verkefni en Hólaskóli er virkur þátttakandi enda hefur hann átt mikið samstarf við aðra háskóla. Að sögn þeirra sem

REIKNILÍKAN ÁÆTLAR
FRAMLÖG TIL
KENNSLU EN EKKI
RANNSÓKNA

STARFSHÓPAR UM
UPPBYGGINGU
HÓLASKÓLA

HÓLASKÓLI VIRKUR
ÞÁTTTAKANDI Í
SAMSTARFSNETI
OPINBERRA HÁSKÓLA

til þekkja miðar verkefninu vel áfram og undirrituðu rektorar opinberu háskólanna samstarfsyfirlýsingu 9. maí 2011 um sameiginlega stoðþjónustu á ákveðnum sviðum. Í fyrsta áfanga verður sameiginlegu upplýsingakerfi fyrir nemendur og kennara komið í gagnið. Þá verður tekið upp samræmt kerfi fyrir akademískt mat á starfsmönnum og fyrir ráðningar, framgang og launabreytingar.

SAMNINGUR VIÐ HA UM SAMSTARF OG VERKASKIPTINGU

Hólaskóli hefur gert samning við Háskólann á Akureyri um samstarf og verkaskiptingu og samnýta skólarnir m.a. bókasafn og upplýsingakerfi. Þá tók Háskólinn á Akureyri yfir bókhaldsþjónustu við Hólaskóla um mitt ár 2010 en Hólaskóli tók hana aftur til sín sumarið 2011. Í umsögn Hólaskóla við drög að skýrslu þessari kemur fram að um tilraunaverkefni hafi verið að ræða sem hafi að mörgu leyti gengið vel. Staða bókara við Hólaskóla hafi verið styrkt, m.a. vegna þess að betra þætti að hafa bókara nálægt skrifstofu skólans. Hólaskóli og Háskólinn á Akureyri bjóða upp á sameiginlega námsbraut til BS-prófs í náttúru- og auðlindafræðum og viðræður eru í gangi um möguleika á sameiginlegu námi skólanna á MS-stigi. Þá er unnið að uppbyggingu á kennslufræðinámsgrein innan reiðmennskunámsins með sameiginlegum kennara-stöðum. Loks er fyrirhugað að samnýta námskeið og námsleiðir milli ferðamálaeildar Hólaskóla og viðskipta- og félagsvísindaeildar Háskólans á Akureyri.

HÓLASKÓLI MUN STARFA EFTIR SÖMU LÖGUM OG AÐRIR OPINBERIR HÁSKÓLAR

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur árið 2011 unnið að undirbúningi þess að breyta lögum nr. 63/2006 um háskóla og lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Að sögn ráðuneytisins er stefnt að því að Hólaskóli falli undir lög um opinbera háskóla og að lög nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu verði samhliða felld úr gildi en reglugerð um Hólaskóla byggir á þeim. Þannig mun skólinn starfa samkvæmt sömu lögum og aðrir opinberir háskólar á Íslandi í framtíðinni. Starfsemi Hólaskóla óx á þeim tíma sem hann heyrði undir landbúnaðarráðuneyti með stuðningi ýmissa stofnana og einkahlutafélaga án þess að tekið væri með heildstæðum hætti mið af þörfum og þróun menntunar í landinu. Við endurskoðun laganna verður, að mati Ríkisendurskoðunar, að skilgreina stöðu skólans innan mennta- og háskólakerfisins til framtíðar.

HÓLASKÓLI HEFUR AUKIÐ SÉRHFÆINGU SÍNA

Ríkisendurskoðun kannaði viðhorf forsvarsmanna Hólaskóla og Landbúnaðarháskóla Íslands til þess hvort æskilegt væri að sameina skólana. Skólarnir starfa samkvæmt sömu lögum, þ.e. lögum um háskóla og lögum um búnaðarfræðslu. Búnaðarfræðslulögin gefa skólunum meiri sveigjanleika í rekstri en öðrum ríkisreknum háskólum. Á grundvelli þeirra geta þeir t.d. stofnað fyrirtæki, starfrækt alþjóðlegar deildir og innheimt hærra innritunargjöld af nemendum en öðrum skólum er heimilt. Skólarnir hafa báðir fengið viðurkenningu fræðasviða á háskólastigi í auðlinda- og búvísindum. Að þessu leyti eru starfsskilyrði þeirra eins. Hins vegar hefur námsframboð þeirra á undanförunum árum þróast í gagnstæðar áttir eins og stefnt var að með verkaskipta-samningi landbúnaðarráðuneytis frá árinu 1995. Hólaskóli hefur í vaxandi mæli aukið sérhfæingu sína í lífvísindum og býður upp á námsbrautir í fiskeldis- og fiskalíffræði, hestafræði og ferðamálafræði. Landbúnaðarháskólinn hefur aftur á móti lagt áherslu á námsbrautir í auðlinda-, náttúru- og umhverfisfræði og þróað námsgreinar í samvinnu við Háskóla Íslands í náttúru-, auðlinda-, skipulags- og næringarfræði auk lýðheilsu og matvælafræði. Forsvarsmenn beggja skóla höfðu uppi efasemdir um ávinning af sameiningu Hólaskóla og Landbúnaðarháskóla Íslands og bentu m.a. á að landfræðileg staðsetning þeirra væri til trafala í því sambandi. Þeir töldu samlegðaráhrif vera

takmörkuð nema í hestafræði sem er nú sameiginleg námsbraut til BS-prófs hjá skólunum. Með sameiningu gæfist að vísu tækifæri til að auka breidd námsins í heild en aðstaða til bóklegrar kennslu takmarkaði aftur á móti frekari uppbyggingu námsins á Hólum. Eðlilegra væri að færa starfsemi þeirra beggja undir Háskóla Íslands. Meginástæða þess er sú að Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík hafa einir rétt til að bjóða upp á doktorsnám. Landbúnaðarháskóli Íslands má einnig gera það í samstarfi við Háskóla Íslands.

Hólaskóli er mikilvæg stofnun fyrir atvinnu- og efnahagslíf í heimabyggð sinni. Þar er einnig góð aðstaða og þekking til verklegrar kennslu og rannsókna í fiskeldis- og fiskalíffræði og hestafræðum. Mikill uppsafnaður rekstrarhalli og skuldir við ríkissjóð vekja hins vegar þá spurningu hvort hann sé óhagkvæm rekstrareining sökum smæðar sinnar. Mikilvægt er að lagt verði faglegt og fjárhagslegt mat á það hvort skólinn hafi í raun rekstrargrundvöll til framtíðar í óbreyttri mynd sem sjálfstæður háskóli en það eitt að fella fjárveitingar til skólans að almennum reglum um fjárveitingar til háskóla tryggir honum ekki aukin ríkisframlög. Skólinn hefur takmarkaða möguleika til vaxtar, frekari þróunar á námsbrautum sínum og brautskráningar nemenda til meistaraþrófs við allar deildir skólans án góðs samstarfs við aðra háskóla. Til að standa fjárhagslega undir faglegum kröfum sem gerðar eru til háskóla og falla að reglum um fjárveitingar til háskóla þarf tiltekinn lágmarksfjölda ársnemenda við hverja deild, eins og kemur fram í kafla 2.3.1. Tekjugrundvöllur skólans og takmörkuð aðstaða til bóklegrs náms setja hins vegar miklar skorður við fjölgun nemenda.

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að ráðuneytið ákveði hvort skólinn eigi áfram að starfa sem sjálfstæður háskóli eða sameinast öðrum háskóla. Ákvörðunin verði tekin að undangengnu raunhæfu mati á faglegum og fjárhagslegum möguleikum skólans til að starfa áfram sem sjálfstæð eining og greiningu á líklegum kostnaði og ábata mismunandi valkosta. Með samstarfsneti opinberu háskólanna gefst minni og fámennari skólum sem eiga í erfiðleikum að halda uppi fullu námsframboði vissulega kostur á að sérhæfa sig í tilteknum fræðigreinum eða innan einstakra sviða þeirra. Kostir Hólaskóla og sérstaða virðast einmitt geta nýst vel í samstarfi við annan eða aðra háskóla. Verði Hólaskóli hins vegar sameinaður öðrum háskóla kann að gefast enn betra tækifæri til að skipuleggja starfsemi, stoðþjónustu og starfsmannahald skólans þannig að akademísk starfsemi hans og fjölbreytni og gæði þess náms sem hann býður upp á aukist. Auk þess gætu skapast fleiri tækifæri til að auka hagkvæmni og skilvirkni rekstrarins. Loks má vekja athygli á hugmyndum frá árinu 2008 um að skólinn verði gerður að sjálfseignarstofnun á vegum þeirra atvinnugreina sem nám skólans byggir á eins og rakið var í upphafi þessa kafla.

Hvort sem Hólaskóli starfar áfram sem sjálfstæður opinber háskóli eða undir öðrum formerkjum er að mati Ríkisendurskoðunar mikilvægt að ráðuneytið gangi frá samkomulagi um það nám sem þar fer fram í samræmi við ákvæði 21. gr. laga um háskóla nr. 63/2006. Með ákvæðinu er ráðherra heimilað að gera samning til 3–5 ára í senn um fjárframlög til kennslu og rannsókna í háskólum sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis samkvæmt lögnum. Slíkir samningar eru skilyrði fyrir veitingu fjárframlaga til viðkomandi háskóla. Þar eiga skilmálar ráðuneytisins að koma fram, skilgreining á kennslu- og rannsóknarstarfi, helstu áherslur í starfi skólanna og fjár-

**TALIÐ MÖGULEGT AÐ
NÁ SAMLEGÐAR-
ÁHRIFUM Í
HESTAFRÆÐUM**

**FAGLEGT OG
FJÁRHAGSLEGT MAT Á
FRAMTÍÐARMÖGU-
LEIKUM SKÓLANS**

**Á HÓLASKÓLI AÐ
STARFA ÁFRAM SEM
SJÁLFSTÆÐUR
HÁSKÓLI?**

**SAMNINGUR UM
KENNSLU OG
RANNSÓKNIR**

framlög og greiðslur úr ríkissjóði fyrir nám sem skilgreint er sem sí- og endurmenntun. Í reglugerð um Hólaskóla er kveðið á um að hann skuli sinna staðarhaldi á Hólum. Verkefni tengd staðarhaldinu samræmast hins vegar illa hefðbundnu háskólastarfi samkvæmt lögum um háskóla og lögum um opinbera háskóla eins og áður hefur komið fram (sjá kafla 2.1). Í umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis við drög að skýrslu þessari er bent á að forsenda fyrir samningi um kennslu og rannsóknir við Hólaskóla sé að lokið verði við að aðgreina skólalald frá staðarhaldi á Hólum. Í umsögn Hólaskóla við drög að skýrslu þessari segir að skólinn telji það veikja stöðu hans að ekki hafi verið gerður formlegur samningur milli stjórnvalda og skólans um framkvæmd lögbundins hlutverks hans og verkefna, sem og fjármögnun hans til framtíðar.


3 REKSTUR OG EFNAHAGUR

3.1 FJÁRVEITINGAR TIL HÓLASKÓLA OG AFKOMA ÁRIN 2005–10

Hækkun á árlegum framlögum ríkisins til Hólaskóla (mynd 3.1) á árunum 2005–09 má einkum rekja til launa- og verðlagsbreytinga. Því er ekki um raunhækkun að ræða. Eins og fram hefur komið færðist Hólaskóli undir forræði mennta- og menningarmálaráðuneytis í ársbyrjun 2008. Gerð var hagræðingarkrafa á skólann í frumvarpi til fjárlaga árin 2010 og 2011 sem nam 20,7 m.kr. fyrra árið og 19,7 m.kr. seinna árið.

**EKKI UM RAUN-
HÆKKUN ÁRLEGRA
FJÁRVEITINGA AÐ
RÆÐA**

3.1 Framlög ríkissjóðs til Hólaskóla árin 2005–10 í m.kr.




Aukafjárveitingar Alþingis námu alls um 335 m.kr. árin 2005, 2007, 2008 og 2010, sem er um 24,5% viðbót við árlegar fjárveitingar á tímabilinu. Með þeim var leitast við að koma jafnvægi á rekstur skólans. Hæsta aukafjárveitingin fékkst árið 2008 en í frumvarpi til fjárlaga þá á kemur fram að við leiðréttingu á viðskiptakröfum og skuldum árið 2007 hafi komið í ljós að eiginfjárstaða skólans var tugum milljónum króna verri en ársreikningur gaf tilefni til að ætla. Aukafjárveitingin nam 169 m.kr. og skyldi ráðstafa 94 m.kr. til að greiða niður rekstrarhalla skólans á árinu 2007 en 75 m.kr. til að greiða niður uppsafnaðan rekstrarhalla frá fyrri árum og gamlar viðskiptaskuldir. Hún átti þannig að leysa vanda skólans til frambúðar. Fyrri hluta árs 2009 var hún hins vegar nánast öll (149,7 m.kr.) greidd út til Hólaskóla til að hann gæti gert upp gamlar skuldir við lánardrottna sína.

**AUKAFJÁRVEITING
2007 OG 2008 TIL
AÐ KOMA JAFNVÆGI
Á REKSTURINN**

Þrátt fyrir ítrekaðar aukafjárveitingar varð tap á rekstri skólans árin 2006, 2007 og 2010 eins og mynd 3.2 sýnir. Ástæður þess mikla halla sem varð á árinu 2007 má fyrst og fremst rekja til afskrifaðra viðskiptakrafna (42 m.kr.) og gjaldfærslu leigugjalda

(50,4 m.kr.) vegna áráanna 2005 og 2006 með leigugjöldum ársins 2007, eins og nánar er rakið í kafla 3.3.4.

3.2 Höfuðstóll og rekstrarafgangur / uppsafnaður halli í árslok í m.kr.



Hólaskóli hefur verið með neikvæða eiginfjárstöðu frá og með árinu 2006 og nam hún rúmum 76 m.kr. í árslok 2010. Árið 2008 hafði uppsafnaður halli Hólaskóla aðeins lækkað um 25 m.kr. frá árinu 2007 þar sem lítill hluti þeirrar aukafjárveitingar sem veitt var á því ári var ráðstafað til uppgjörs hallans. Uppsafnaður halli skólans nam síðan 69 m.kr. í árslok 2009 eins og í árslok 2008. Í umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis við drög að skýrslu þessari segir að upplýsingar um fjárhag skólans sem ráðuneytinu hafi verið láttnar í té áður en skólinn var fluttur frá landbúnaðarráðuneyti hafi reynst rangar. Þá tekur ráðuneytið fram að ríkur vilji sé bæði hjá ráðuneytinu og starfsfólki skólans til að greiða úr og taka á málum hans. Í umsögn Hólaskóla segir að á árinu 2010 hafi aðhaldsaðgerðir, sem hófust árið 2009, haldið áfram og skilað jafnvel enn meiri árangri en árið á undan. 6,7 m.kr. rekstrarhalli árið 2010 og 5,5 m.kr. aukafjárveiting sama ár, hafi stafað af ófyrirsjáanlegu tekjutapi skólans vegna hrossasóttar en ekki lélegum rekstri hans.

3.2 TILSJÓNARMAÐUR AÐ STÖRFUM FYRRI HLUTA ÁRS 2009

Í ársbyrjun 2009 skipaði menntamálaráðherra tilsjónarmann til að hafa umsjón og eftirlit með rekstri Hólaskóla og lauk hann störfum í lok júní sama ár. Í skipunarbréfi hans frá 5. janúar 2009 er m.a. vísað til reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta sem ástæðu þess að ráðuneytið ákvað að skipa hann til að ná jafnvægi í rekstri skólans. Samkvæmt skipunarbréfinu voru helstu verkefni tilsjónarmannsins fólgin í því að vinna yfirlit um framkvæmd fjárlaga 2008 og fjárhagsstöðu skólans, sjá til þess að skólinn gerði rekstraráætlun fyrir árið 2009 í samræmi við fjárlög, setja fram tillögur um árangursríka nýtingu fjármuna og leiðir til að draga úr útgjöldum og fylgjast með því að rekstur skólans væri í samræmi við rekstraráætlun.

Í viðtölum Ríkisendurskoðunar við tilsjónarmann Hólaskóla kom fram að hann taldi að störf sín hefðu borið góðan árangur, sérstaklega þar sem náðst hefði að semja við lánardrottna og rekstraráætlun fyrir árið 2009 hefði verið í samræmi við fjárveitingar


UPPSAFNAÐUR HALLI 76 M.KR. Í ÁRSLOK 2010

TILSJÓNARMAÐUR SKIPADUR Í ÁRSBYRJUN 2009

ársins. Að mati tilsjónarmannsins var rekstur skólans í góðu horfi þegar hann lét af störfum um mitt ár 2009 og útlit fyrir bjarta tíma framundan. Mennta- og menningarmálaráðuneyti telur einnig að vinna tilsjónarmannsins hafi skilað góðum árangri og að þær umfangsmiklu hagræðingaraðgerðir sem gripið hafi verið til á fyrri hluta árs 2009 eigi verulegan þátt í að bæta rekstrarhæfi skólans til framtíðar. Í umsögn Hólaskóla við drög að skýrslu þessari segir að í kjölfar starfa tilsjónarmanns hafi útgjöld og sértekjur skólans árin 2009–11 verið í mun meira jafnvægi en fyrir árið 2009. Þessi staða hafi gert skólanum kleift að takast með mun árangursríkari hætti á við þröngan fjárhag og móta stefnu og aðgerðir, með mennta- og menningarmálaráðuneyti, til að rekstur skólans verði mögulegur til framtíðar.

3.3 REKSTUR HÓLASKÓLA ÁRIN 2005–2010

Mynd 3.3 sýnir heildargjöld Hólaskóla og heildartekjur, þ.e. samanlagðar fjárveitingar hvers árs, aukafjárveitingar og sértekjur árin 2005–10.



Aukafjárveitingar (sjá mynd 3.1) urðu til þess að heildartekjur skólans urðu hærri en heildargjöld árin 2005 og 2008. Séu þær undanskildar voru heildargjöld skólans hærri en tekjurnar (fjárveiting ársins og sértekjur) öll árin nema árið 2009.


3.3.1 REKSTRARÁÆTLUN HÓLASKÓLA

Mynd 3.4 sýnir að raungjöld voru umfram áætlun árin 2006–08. Hins vegar hefur Hólaskóli náð umtalsverðum árangri við að færa rekstrargjöld sín að samþyktri ársáætlun frá og með árinu 2009. Í endurskoðunarbréfum Hólaskóla á tímabilinu 2005–10 kemur fram að rekstraráætlun hafi verið unnin fyrir skólann og að hún hafi verið brotin niður á deildir. Reglulega hafi verið farið yfir áætlunina á fundum yfirstjórnar og deildarstjóra og hún þá borin saman við raunfjárhæðir í rekstri. Þrátt fyrir það tókst stjórnendum Hólaskóla ekki að nýta rekstraráætlunina sem það stjórn-tæki sem henni er ætlað að vera við að halda rekstri skólans innan fjárheimilda. Hins vegar hefur skólanum tekist nokkuð vel að halda sig innan fjárveitinga ársins frá og með árinu 2009 eins og fyrr segir.

RAUNGJÖLD Í BETRA SAMRÆMI VIÐ ÁÆTLUN FRÁ OG MÆD ÁRINU 2009

REKSTRARÁÆTLUN EKKI NÝTT NÓGU VEL SEM STJÓRN-TÆKI

3.4 Þróun áætlaðra gjalda árin 2005–10 og raungjalda 2005–11 í m.kr.



Í endurskoðunarbréfi vegna ársins 2009 segir að annar af stærstu óvissuþáttum í rekstri Hólaskóla felist í slöku innra eftirliti hans á framkvæmd fjárlaga. Hinn þátturinn snúi að viðskiptakröfum skólans (sjá kafla 3.4.1). Í umsögn ráðuneytisins við drög að skýrslu þessari kemur m.a. fram að þegar tilsjónarmaður var skipaður í ársbyrjun 2009 hafi legið fyrir að rekstraráætlun skólans fyrir árið 2008 hafi ekki verið nægilega vel unnin og að eftirfylgni með henni hafi verið ábótavant. Gripið hafi verið til víðtækra aðgerða í tengslum við rekstraráætlun skólans og það meginmarkmið ráðuneytisins náðst að rekstur hans árið 2009 rúmaðist innan fjárveitinga þess árs.

Í samþykktri rekstraráætlun fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir hallalausum rekstri innan ársins en reksturinn reyndist 6,7 m.kr. umfram fjárveitingar ársins. Ástæðu þess má, að sögn stjórnenda skólans, einkum rekja til hestapestar sem herjaði sumarið 2010 og hafði aukinn kostnað í för með sér, auk þess sem sértekjur hafi orðið lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Skólinn fékk þó 5,5 m.kr. aukafjárveitingu í fjárukalögum 2010 til að mæta fjárhagslegu tjóni vegna hestaveikinnar eins og áður segir.


3.3.2 SÉRTEKJUR

Eins og mynd 3.5 sýnir jukust sértekjur Hólaskóla töluvert á árunum 2005–10 þegar á heildina er litið. Einkum er um að ræða styrki og framlög, selda þjónustu og aðrar tekjur og innritunargjöld. Á árinu 2010 voru sértekjurnar 225 m.kr., eða sem nemur 47% af heildartekjum skólans það ár. Hátt hlutfall sértekna af heildartekjum skapar ákveðna óvissu í rekstri skólans því þær geta verið breytilegar milli ára og óvíst um innheimtu þeirra. Fyrir vikið er skólinn háðari sveiflum, t.d. í hagkerfinu, en stofnanir sem fyrst og fremst eru fjármagnaðar í fjárlögum. 79 m.kr. af sértekjum skólans árið 2010, eða 35% voru þó beint eða óbeint frá hinu opinbera, þ.e. ráðuneytum, stofnunum, sjóðum og sveitarfélögum sem ætla má að dragi úr óvissunni.

Stærstur hluti sértekna hvers árs eru styrkir og framlög og námu þau um 153 m.kr. árið 2010, eða 68% af sértekjum þess árs, en þessi liður ræðst af verkefnum hverju sinni. Þessar tekjur gefa vísbendingar um að þekking, vinnubrögð og aðstaða skólans séu eftirsótt. Eins og mynd 3.5 sýnir hefur skólanum gengið vel að afla styrkja og framlaga síðustu ár. Af einstökum styrkjum og framlögum árið 2010 má nefna 12 m.kr.

**SÉRTEKJUR 47% AF
HEILDARTEKJUM ÁRIÐ
2010**

styrk sem fékkst fyrir milligöngu Blönduósbæjar og vísindastyrki að fjárhæð 80 m.kr., þar af 24 m.kr styrk frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.




Liðurinn seld þjónusta og aðrar tekjur nam um 60 m.kr. árið 2010 en þar er t.d. um að ræða sölu á bústofni og hrognum (hross seld fyrir 6,9 m.kr. og bleikjuhrogn fyrir 16 m.kr.), útselda þjónustu starfsmanna og leigu- og afnotatekjur. Árið 2010 námu innritunar- og námskeiðsgjöld 12,5 m.kr. Nemendur Hólaskóla greiða engin skólagjöld heldur einungis innritunargjöld, sem námu 50 þús.kr. á hvern nemanda árið 2010. Í umsögn ráðuneytisins við drög að skýrslu þessari er tekið fram að innritunargjöld Hólaskóla séu 5 þús.kr. hærrí en innritunargjöld samkvæmt lögum um opinbera háskóla sem séu 45 þús.kr., enda sé skólinn ekki bundinn af þeim lögum.

**SKÓLANUM GENGUR
VEL AÐ AFLA STYRKJA**

**INNBITUNARGJALD
VAR 50 ÞÚS.KR ÁRIÐ
2010**

3.3.3 LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD


Eins og mynd 3.6 sýnir hækkaði heildarlaunakostnaður Hólaskóla til ársins 2008 en lækkaði lítillega næstu tvö ár þar á eftir og var 291 m.kr. árið 2010, eða sem nam 60% af heildargjöldum þess árs.



Ársverk voru 53 árið 2005 en fækkaði lítillega til ársins 2008 þegar þeim fjölgaði um sjö einkum vegna þess að skólinn tók yfir mótuneyti og ferðaþjónustu af verktaka sem

hafi sinnt því frá árinu 2005. Þessum rekstri var svo úthýst aftur árið 2009. Í árslok 2010 voru ársverk skólans 48.

Mynd 3.7 sýnir að launakostnaður Hólaskóla á ársverk fór jafnt og þétt hækkandi árin 2005–10. Myndin sýnir jafnframt þróun á launavísitölu opinberra starfsmanna. Árið 2010 voru laun starfsmanna Hólaskóla orðin 13% hærri en þau hefðu verið ef þau hefðu fylgt launavísitölu opinberra starfsmanna á tímabilinu.




Launakerfi Orra og Hagstofa Íslands (launavísitala opinberra starfsmanna).

Þann 14. ágúst 2009 gaf ríkisstjórnin út tilmæli um lækkun launakostnaðar hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins vegna erfiðleika í þjóðarbúskapnum í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Draga átti úr yfirvinnu, auk þess sem laun starfsmanna umfram 400 þús.kr. á mánuði skyldu lækkuð um 3–10% eftir því hversu há þau voru.

Mynd 3.8 sýnir breytingar á heildarlaunum þeirra starfsmanna sem voru í 100% starfshlutfalli í mars á árunum 2009–11, höfðu starfað samfelld við skólann allt tímabilið og voru með yfir 400 þús.kr. í mánaðarlaun. Upplýsingarnar fengust úr launakerfi Orra og sýna að tveir starfsmenn sem voru með yfir 400 þús.kr. á mánuði lækkuðu í launum og tveir héldu óbreyttum launum á tímabilinu. Aðrir starfsmenn sem voru með yfir 400 þús.kr. á mánuði hækkuðu hins vegar í launum.

Í endurskoðunarbréfi Ríkisendurskoðunar vegna ársins 2009 kemur fram að stjórnendur skólans hafi sagt að þeim hafi ekki verið kunnugt um að hafa fengið tilmæli fjármálaráðuneytis til ríkisstofnana frá 18. ágúst 2009, í framhaldi af tilmælum ríkisstjórnarinnar, um að lækka heildarlaun starfsmanna umfram 400 þús.kr. á mánuði. Í endurskoðunarbréfinu ítrekaði Ríkisendurskoðun því að skólinn þyrfti að grípa til aðgerða og fylgja framangreindum tilmælum um breytingu á heildarlaunum starfsmanna að því leyti sem þau ættu við. Engu að síður varð skólinn ekki við þessum tilmælum um launalækkanir árið 2010 frekar en árið 2009, sem neinu nemur, þrátt fyrir erfiða rekstrarstöðu skólans og mikinn uppsafnaðan halla.

3.8 Breytingar á heildarlaunum starfsmanna í 100% starfshlutfalli með yfir 400 þús.kr á mánuði miðað við mars ár hvert frá 2009–11



Launakerfi Orra.

Í umsögn ráðuneytisins við drög að skýrslu þessari segir að tilmæli ríkisstjórnarinnar hafi verið kynnt á fundi með forstöðumönnum stofnana en ekki hafi verið um bein fyrirmæli að ræða. Ráðuneytið blandi sér auk þess ekki í launakjör einstakra starfsmanna þeirra stofnana sem undir það heyrir enda sé það ekki aðili að kjarasamningum og sjálfstæði háskólastofnana sé sérstaklega mikið. Í umsögn Hólaskóla við drög að skýrslu þessari segir að skólinn sé bundin af stofnanasamningi um launahækkanir í tengslum við stigamat. Árið 2009 hafi sex akademískir starfsmenn átt rétt á launahækkunum vegna stigamats. Þær hafi þó ekki komið til framkvæmda fyrr en í janúar 2010. Fimm starfsmenn hafi hækkað um einn launaflokk og einn starfsmaður um tvo launaflokka. Laun allra starfsmanna með grunnlaun undir 300 þús.kr. hafi hækkað um rúmar 5.000 kr. vegna kjarasamninga SFR sem gerðir voru til eins árs. Yfirstjórn hafi lækkað sín laun um 4,5% að jafnaði árið 2009 en sú lækkun gengið til baka 1. janúar 2010. Skólanum hafi borist erindi frá fagráðuneyti um að föstum greiðslum akstursamninga skyldi sagt upp og það hafi verið gert. Auk þess að fækka starfsmönnum hafi skólinn gripið til viðamikilla hagræðingar- og sparnaðaraðgerða sem m.a. lutu að því að draga úr eða stöðva yfirvinnu og gæta mikils aðhalds í dagpeningagreiðslum. Þá hafi verið hætt að niðurgreiða húsaleigu starfsmanna í júlí 2009 en þær niðurgreiðslur hafi verið túlkaðar sem hluti af kjörum starfsmanna. Varðandi tilmæli ríkisstjórnarinnar í ágúst 2009 til ráðuneyta og stofnana að lækka laun um 3–10% vegna erfiðleika í þjóðarþúinu þá hafi skólanum verið ómögulegt að bæta beinni launaskerðingu við þá kjaraskerðingu sem þegar var orðin.

3.3.4 ÖNNUR REKSTRARGJÖLD


Eins og sést á mynd 3.9 hækkuðu önnur rekstrargjöld mikið til ársins 2007 en fóru síðan lækkandi til ársins 2009. Þau hækkuðu hins vegar aðeins árið 2010 miðað við árið á undan.

Mikla hækkun gjaldanna árið 2007 má fyrst og fremst rekja til þess að það ár voru afskrifaðar 42 m.kr. vegna eldri viðskiptakrafna og leiðréttinga í bókhaldinu, m.a. á virðisaukaskatti frá fyrri árum. Þá hækkaði húsnæðiskostnaður um 37 m.kr., einkum vegna þess að leigugjöld frá Nemendagörðum vegna árana 2005 og 2006 voru gjald-

**HÆKKUN ANNARRA
GJALDA ÁRIÐ 2007
VEGNA EINSKIPTIS-
KOSTNAÐAR**

færð árið 2007, ásamt leigugjöldum þess árs, alls kr. 50,4 m.kr. Um var að ræða niðurgreiðslur á húsaleigu starfsmanna, ásamt leigu fyrir gestafyrirlesara og gesti skólans.


3.9 Annar rekstrarkostnaður árin 2005–10 í m.kr.



Í endurskoðunarbréfi skólans fyrir árið 2007 segir að lögð hafi verið áhersla á að bókhald skólans sýndi sem réttasta stöðu þegar mennta- og menningarmálaráðuneyti tæki við honum í ársbyrjun 2008. Í því skyni hafi framangreindar leiðréttingar, afskriftir og aðrar færslur í bókhaldinu verið gerðar en Ríkisendurskoðun hafði þá árum saman gert athugasemdir við viðskiptakröfur skólans. Lækkun á öðrum rekstrargjöldum árið 2008 miðað við árið á undan má einkum rekja til þess að engar viðskiptakröfur voru afskrifaðar þá og aðeins gjaldfærð leigugjöld frá Nemendagörðum vegna þess árs. Lækkun gjalda árið 2008 er því ekki hægt að rekja til raunverulegs samdráttar í útgjöldum heldur til einskisgjaldfærslna árið 2007.

Þegar Hólaskóli færðist undir forræði mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2008 hafði hann átt við vaxandi lausafjárvanda að etja og greitt háar fjárhæðir í vexti og dráttarvexti. Eins og mynd 3.10 sýnir námu vaxtagjöldin tæpum 34 m.kr. árið 2008.

3.10 Vaxtagjöld (einkum dráttarvextir) Hólaskóla árin 2005–10 í m.kr.



Árið 2009 var í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu skólans samið við lánardrottna um greiðslu eldri viðskiptaskulda sem höfðu safnað miklum dráttarvöxtum. Ríkissjóður greiddi skólanum m.a. 100 m.kr. umfram fjárheimildir í þessu skyni. Þetta leiddi til þess að vaxtagjöld skólans lækkuðu í 4,1 m.kr. í árslok 2009 og síðan í 0,8

**VAXTAGJÖLD HAFA
LÆKKAD VERULEGA
FRÁ ÁRINU 2008**

m.kr. árið 2010. Í umsögn Hólaskóla við drög að skýrslu þessari segir að stór hluti vaxtagjalda árið 2010 hafi verið vegna fjármagnstekjuskatts. Önnur vaxtagjöld séu m.a. innheimtugjöld vegna bankþjónustu. Dráttarvextir skólans séu nánast engir árið 2011 enda greiði hann langflesta reikninga sína á eindaga.

Árið 2009 var hafist handa við hagræðingaraðgerðir í rekstri skólans með þeim árangri að heildargjöld drógust saman um 79 m.kr. milli árana 2008 og 2009. Þar munaði mikið um lækun dráttarvaxta en samið var við stærstu lánardrottna skólans um niðurfellingu þeirra samhlíða skuldauppgjóri (sjá kafla 3.4.2). Þá var m.a. niðurgreiðsla á húsaleigu starfsmanna felld niður, en skólinn greiddi áfram leigu vegna gesta og gestafyrirlesara, og sett á stofn sérstakt félag vegna gisti- og veitingaþjónustu á Hólum, en Hólaskóli hafði yfirtekið þann rekstur árið 2008. Árið 2010 hækkðu önnur rekstrar-gjöld Hólaskóla aftur miðað við árið 2009, einkum vegna hækkunar á verði aðfanga skólans og vegna alþjóðlegrar ráðstefnu og komu erlends skólahóps sumarið 2010, en sértekjur komu þar á móti.

3.3.5 AFKOMUSPÁ FYRIR ÁRIÐ 2011

Tafla 3.11 sýnir fjárveitingar til Hólaskóla á fjárlögum árið 2011, rekstraráætlun og afkomuspá Hólaskóla fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2011 (þ.e. miðað við 30. september 2011). Samkvæmt fjárlögum nema heildartekjur skólans tæpum 416 m.kr., þar af eru 20,5 m.kr. vegna stofnkostnaðar og viðhaldsverkefna. Áætlað er að sértekjur nemi rúmum 176 m.kr. og innritunargjöld 8 m.kr. Framlag úr ríkissjóði nemur því 231,7 m.kr. Ráðuneytið gerði kröfu um að skólinn greiddi niður halla ársins 2010 á árinu 2011. Þegar rekstraráætlunin var gerð var ekki fullljóst hversu mikill hallinn yrði en hún gerði ráð fyrir að hann næmi 4,7 m.kr. Síðar kom í ljós að hann nam í raun 6,7 m.kr.

**SAMIÐ VIÐ STÆRSTU
LÁNARDROTTNA
SKÓLANS**

**KRAFA UM AÐ
SKÓLINN GREIDDI
HALLA ÁRSINS 2010
ÁRIÐ 2011**

3.11 Fjárlög, rekstraráætlun og afkomuspá Hólaskóla 2011 í m.kr			
	FJÁRLÖG	REKSTRAR- ÁÆTLUN	AFKOMU- SPÁ**
RÍKISFRAMLAG	231,7	232,4	232,4
INNBITUNAR- OG NÁMSKEIÐAGJÖLD	8	12,5	12,5
SÉRTEKJUR	176,2	201,5	219,2
AUKAFJÁRHEIMILD VEGNA KJARASAMNINGA			6,8
HEILDARTEKJUR	415,9	446,4	470,9
GJÖLD SAMTALS	415,9	441,7	464,2
GREIÐSLA VEGNA REKSTRARHALLA 2010*		4,7	6,7
HEILDARGREIÐSLUR ÁRSINS	415,9	446,4	470,9
REKSTRARAFGANGUR/TAP	0	0	0

*Við vinnslu rekstraráætlunar 2011 var ekki fullljóst hver halli ársins 2010 yrði. Því bætast 2 m.kr. við í afkomuspá ársins til niðurgreiðslu hallans sem nam samtals 6,7 m.kr.

**Upplýsingar frá Hólaskóla í nóvember 2011.

Hólaskóli skilaði ráðuneytinu rekstraráætlun fyrir árið 2011 í byrjun ársins og samkvæmt reglum um framkvæmd fjárlaga hefði ráðuneytið átt að samþykkja hana eða hafna fyrir miðjan janúar sama ár. Ráðuneytið samþykkti áætlunina hins vegar ekki fyrr en í júlí 2011 og þá með fyrirvara. Samkvæmt bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis til skólans frá 1. júlí 2011 gerir það ekki athugasemd við áætlunina að svo

**REKSTRARÁÆTLUN
2011 SAMÞYKKT
MEÐ FYRIRVARA**



komnu máli þó að hún feli ekki í sér greiðslu á 76 m.kr. uppsöfnuðum halla skólans í árslok 2010 heldur einungis þess hluta hans sem féll til á árinu 2010. Ráðuneytið ítrekaði þó mikilvægi þess að reksturinn skilaði afgangi þannig að dregið yrði úr uppsöfnuðum rekstrarhalla en sagðist ætla að beita sér fyrir því að skólinn fengi 60 m.kr. aukafjárveitingu í fjárlögum 2011. Að mati ráðuneytisins er rétt að Hólaskóli greiði upp hluta af uppsöfnuðum rekstrarhalla sínum en óraunhæft sé að hann geti greitt hann allan, þ.e. 76 m.kr., enda nemi það 30% af beinum fjárveitingum til skólans í fjárlögum þess árs. Beiðni ráðuneytisins um 60 m.kr. aukafjárveitingu fyrir skólann árið 2011 hefur nú (nóvember 2011) verið hafnað.

Í umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis við drög að skýrslu þessari segir m.a. að Ríkisendurskoðun hafi ítrekað komið því á framfæri við ráðuneytið að óheimilt sé að samþykka ársáætlanir sem ekki rúmist innan fjárheimilda stofnana að teknu tilliti til fjárheimilda fyrri ára. Fjármálaráðuneyti hafi nú boðað að heimilt sé að semja við stofnanir með mikinn uppsafnaðan halla um að þær greiði hann niður á nokkrum árum og jafnvel að hluti hallans verði felldur niður ef þeim tekst að snúa rekstrinum við og byrja að greiða niður skuldir. Ráðuneytið hafi formlega falast eftir leiðbeiningum frá fjármálaráðuneyti um hvernig samninga megi gera vegna rekstrarhalla Hólaskóla en svör hafi enn ekki borist. Ráðuneytið samþykkti því ekki innsenda rekstraráætlun Hólaskóla fyrir en í júlí 2011 og þá með fyrirvara vegna þess hve heimildir til þess þóttu óljósar.

Rekstraráætlunin gerir ráð fyrir umtalsvert meiri sértekjum en áætlað er í fjárlögum, eða 201 m.kr. í stað 176 m.kr. en samkvæmt afkomuspá verða þær 219,2 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 4,5 m.kr. hærri innritunargjöldum en fjárlög gerðu ráð fyrir. Rekstrarkostnaður Hólaskóla var áætlaður 442 m.kr. í rekstraráætlun skólans í stað 416 m.kr. í fjárlögum en samkvæmt afkomuspá skólans stefnir hann í 464 m.kr.

Níu mánaða afkomuspá skólans fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir að rekstur skólans verði innan fjárveitinga ársins, ásamt því að greiða niður halla ársins 2010. Rekstraryfirlit úr fjárhagsbókhalda ríkisins, Orra, fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2011 sýnir neikvæða rekstrarstöðu sem nemur 27 m.kr. miðað við innsenda rekstraráætlun. Að sögn stjórnenda Hólaskóla skýrist það einkum af því að sértekjur skólans skila sér seinna inn í reksturinn en áætlunin gerir ráð fyrir en reynslan sýni að þær innheimtast oft ekki fyrir en á síðustu mánuðum ársins. Að mati Ríkisendurskoðunar sýnir þetta að áætlanagerð skólans og innheimta sértekna eru ekki nægilega markviss.

Að sögn Hólaskóla hófst innleiðing verkþókhalds hjá skólanum vorið 2010. Haft hafi verið samráð við Landbúnaðarháskóla Íslands vegna góðrar reynslu hans í þessum efnum. Innleiðing hafi gengið hægar en til stóð en áætlað sé að verkþókhaldið komist að fullu í gagnid á vormánuðum 2012. Ríkisendurskoðun hvetur skólann til að flýta þeirri vinnu til að fá skýrari yfirsýn um helstu kostnaðarþætti skólans og hvernig þeir skiptast.

3.3.6 SAMANTEKT VEGNA REKSTURS HÓLASKÓLA ÁRIN 2005–2011

Þegar þróun rekstrar Hólaskóla fyrir árin 2005–2008 er rakin sést glögglega að skólanum gekk afar erfiðlega að sníða sér stakk eftir vexti. Frá og með árinu 2009 hefur hins vegar tekist betur en áður að rúma rekstur skólans innan fjárveitinga hvers árs

Þótt hagræðingarkrafa í frumvarpi til fjárlaga hafi numið 20,7 m.kr. árið 2010 og 19,7 m.kr. árið 2011 og verð á aðföngum hafi hækkað á tímabilinu. Uppsafnaður halli í árslok 2010 nam engu að síður 76 m.kr. þrátt fyrir að skólinn hafi fengið miklar auka-fjárveitingar til og með árinu 2008. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármálastjórn 50 ríkisstofnana frá júní 2009 segir um Hólaskóla:

Umfang hallans er það mikið að ekki verður unnið á honum innan eðlilegra tímamarka nema með verulega skertri þjónustu, viðbótarfjárveitingu eða blöndu af hvoru tveggja. Verði ákveðið að skerða þjónustu þarf menntamálaráðuneytið að gefa skýr fyrirmæli um forgangsröð. Verði ákveðið að veita stofnuninni viðbótarfé er brýnt að áður liggi fyrir mat á ábyrgð forstöðumanns á rekstrarvanda hennar. Tilsjónarmaður hefur verið skipaður með rekstri skólans.

Árið 2009 skiluðu hagræðingaraðgerðir og samningar við lánardrottna verulegum árangri við að ná niður kostnaði, ekki síst vegna lækkunar dráttarvaxta. Þetta olli því að rekstur skólans var í samræmi við fjárveitingar ársins. Árið 2010 var kostnaðurinn hins vegar aftur tekinn að hækka lítillega. Fjöldi skráðra nemenda nánast tvöfaldaðist á tímabilinu eins og kemur fram í kafla 2.3 en það hefur óhjákvæmilega haft kostnaðarauka í för með sér. Tekjur vegna þeirra eru miklu minni en kostnaður enda greiða nemendur aðeins innritunargjöld en ekki skólagjöld. Vandséð er að skólinn geti unnið á uppsöfnuðum halla og greitt niður skuldir sínar við ríkissjóð miðað við núverandi fjárveitingar og að óbreyttum rekstrarforsendum.

Ríkisendurskoðun ítrekar mikilvægi þess að forstöðumenn ríkisstofnana virði fjárheimildir og bendir á að síendurtekin viðbótarframlög í fjárukalögum draga verulega úr aga í fjármálastjórn ríkisins. Rektor Hólaskóla ber ábyrgð á starfsemi og rekstri skólans og að útgjöld séu í samræmi við fjárheimildir. Í 49. gr. fjárreiðulaga nr. 88/1997 segir m.a.: „Forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila bera ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir“. Þá segir í 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins m.a.: „Forstöðumaður ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Ef útgjöld fara fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum stofnunar er ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar telst óviðunandi getur ráðherra veitt forstöðumanni áminningu.“

Eftirlit með fjármálum stofnana er í höndum fagráðuneytis, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga þar sem segir: „Ráðuneyti skal reglubundið og ekki sjaldnar en þriðja hvern mánuð bera saman áætlun og útgjöld. Komi í ljós eftir könnun ráðuneytis á útgjöldum stofnunar, eða að fengnum upplýsingum forstöðumanns, að útgjöld stofnunar eru meira en 4% umfram áætlun hennar skal ráðuneyti hafa frumkvæði að því að leita skýringa og beita sér fyrir að forstöðumaður grípi til nauðsynlegra aðgerða til að færa útgjöld að heimildum.“

Sem dæmi um aðgerðir mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna mikils hallareksturs Hólaskóla setti það skólanum tilsjónarmann í upphafi árs 2009 eins og fram hefur komið. Í umsögn þess við drög að skýrslu þessari er tekið fram að eftir að skólinn var fluttur undir ráðuneytið hafi samskipti starfsmanna þess við rektor, fjármálastjóra og aðra stjórnendur skólans verið mikil og góð. Þá hafi ráðuneytið verið í miklum samskiptum við tilsjónarmann skólans á árinu 2009. Hann hafi gert ráðu-

neytisstjóra og hlutaðeigandi starfsmönnum ráðuneytisins reglulega grein fyrir störfum sínum og tekið við ábendingum þeirra og tilmælum um áherslur í starfi sínu. Reglulega hafi verið kallað eftir skýringum ef rekstur skólans hafi ekki verið í samræmi við samþykka rekstraráætlun. Mikilvægi þess að rekstraráætlun haldi hafi verið margítrekað við forsvarsmenn skólans, bæði á fundum og í skriflegum samskiptum. Ráðuneytið hafi hins vegar lagt megináherslu á að rekstur skólans væri innan fjárveitinga hvers árs en ekki hafi verið gerð krafa um að reksturinn greiddi niður halla fyrri ára í einu lagi. Í umsögn Hólaskóla við drög að skýrslu þessari segir að undanfarin ár hafi fjármálastjórn skólans snúist um aðhald og óvissu um framlög og styrki vegna þeirra aðstæðna sem nú ríkja í þjóðfélaginu, viðvarandi niðurskurðar opinberra framlaga og að samningar við skólann, samhliða aðskilnaði skóla- og staðarhalds, hafi staðið yfir síðan árið 2008.

**FIMM AF ÁTTA
BEIÐNUM UM
HÆKKUN FJÁR-
VEITINGA HAFNAÐ**

Tafla 3.12 sýnir samskipti mennta- og menningarmálaráðuneytis við fjármálaráðuneyti í tengslum við fjárlagagerð árin 2008–11. Ráðuneytið hefur ítrekað óskað eftir fjárveitingum í fjárlögum og fjárlögum með það að markmiði að taka á miklum fjárhagsvanda Hólaskóla. Fimm af átta beiðnum hefur verið hafnað.


3.12 Óskir ráðuneytisins um framlag til reksturs Hólaskóla 2008–11			
FJÁRLÖG	M.KR.	ÁR	AFGREIÐSLA
HÆKKUN Á REKSTRARFRAMLAGI – 2. UMRÆÐA	75	2008	HAFNAÐ
HÆKKUN Á REKSTRARFRAMLAGI – FRUMVARP	114,5	2009	HAFNAÐ
HÆKKUN Á REKSTRARFRAMLAGI – 2. UMRÆÐA	115	2009	HAFNAÐ
FJÁRAUKALÖG			
VEGNA UPPSAFNAÐS REKSTRARHALLA – FRUMVARP	94,2	2008	SAMÞYKKT
VEGNA UPPSAFNAÐS REKSTRARHALLA – FRUMVARP	75	2008	SAMÞYKKT
VEGNA HESTAFLENSU – FRUMVARP	5,5	2010	SAMÞYKKT
VEGNA UPPSAFNAÐS REKSTRARHALLA – FRUMVARP	60	2010	HAFNAÐ
VEGNA UPPSAFNAÐS REKSTRARHALLA – FRUMVARP	60	2011	HAFNAÐ

3.4 EFNAHAGUR HÓLASKÓLA ÁRIN 2005–10

Mynd 3.13 sýnir þróun skulda og eigna Hólaskóla árin 2005–10. Í árslok 2010 námu heildarskuldir hans 207 m.kr., eða sem nemur um 81% af heildarframlagi ríkissjóðs til skólans það ár. Þar af námu kuldir skólans við ríkissjóð 178 m.kr. og höfðu hækkað um 189,5 m.kr. frá árinu 2008. Kuldir skólans við lánardrottna lækkuðu um 200 m.kr. milli árana 2008 og 2009. Þær námu 27 m.kr. í árslok 2009 og 29,4 m.kr. í árslok 2010. Eignir skólans námu 131 m.kr. í árslok 2010, þar af námu viðskiptakröfur hans 100 m.kr. og handbært fé og annað 31 m.kr.

**SKULD SKÓLANS VIÐ
RÍKISSJÓÐ HÆKKAÐI
UM 189,5 M.KR. FRÁ
ÁRINU 2008**

3.13 Eignir og skuldir Hólaskóla árin 2005–10 í m.kr.




3.4.1 VIÐSKIPTAKRÖFUR

Mynd 3.14 sýnir samsetningu á eignahlið efnahagsreiknings Hólaskóla. Þar sést að skólinn hafði lítið handbært fé árin 2005 og 2008 en einna mest árið 2010. Skólinn átti inneign hjá ríkissjóði árið 2008 sem skýrist af 169 m.kr. aukafjárveitingu sem skólinn fékk það ár. Það sem einkum vekur athygli er hins vegar hversu háar viðskiptakröfur skólans eru. Þær hafa farið hækkanði síðustu ár. Árið 2008 námu viðskiptakröfur alls 54 m.kr., árið 2009 70 m.kr. og árið 2010 100 m.kr. eins og áður segir.

**VIÐSKIPTAKRÖFUR
HAFNA FARIÐ HÆKK-
ANDI SÍÐUSTU ÁR**

3.14 Eignir Hólaskóla í árslok á tímabilinu 2005–10 í m.kr.



Ríkisendurskoðun hefur síðastliðin ár gert athugasemdir í endurskoðunarbréfum við það að viðskiptakröfur Hólaskóla gefi ekki rétta mynd af raunverulegri stöðu þeirra. Dæmi eru um að eign- og tekjufærð styrkloforð hafi aldrei fengist greidd og að styrkloforð hafi verið færð til tekna tvisvar, fyrst við loforð og síðan greiðslu og því hafi viðskiptareikningurinn ekki verið leiðréttur. Þá hafa tekjur verið bókaðar án útgáfu reiknings og viðskiptafærðar á móti og síðan aftur tekjufærðar við útgáfu reiknings og/eða greiðslu hans. Einnig eru dæmi um að kröfur viðskiptamanna hafi ekki verið jafnaðar út við greiðslu vegna þess að þær voru ekki bókaðar rétt þegar greiðsla barst, þ.e. greiðslan bókaðist ekki á réttan viðskiptareikning (tegund) sem olli því að staða hans leiðréttist ekki í samræmi við greiðsluna. Framangreint á sérstaklega við um eldri

**VIÐSKIPTAKRÖFUR
GEFA EKKI RÉTTA
MYND AF RAUNVERU-
LEGRI STÖÐU**

kröfur skólans en samkvæmt endurskoðunarbréfi fyrir árið 2010 námu óbreyttar kröfur frá fyrri árum um 36 m.kr. í lok þess árs. Þær eru einkum frá árinu 2008 og fyrr, þær elstu frá árinu 2003, og ljóst að stærstan hluta þeirra verður að afskrifa.

FJÁRMÁLARÁÐU- NEYTI HVETUR TIL LEIÐRÉTTINGA Á VIÐSKIPTAKRÖFUM

Eins og fram kom í kafla 3.3.4 voru eldri viðskiptakröfur að fjárhæð 42 m.kr. afskrifaðar árið 2007 en það dugði ekki til. Með bréfi dags. 29. janúar 2009 lagði fjármálaráðuneyti áherslu á það við mennta- og menningarmálaráðuneyti, að það sæi til þess að nýskipaður tilsjónarmaður myndi ásamt öðru leggja áherslu á að vinna með stjórnendum skólans að því að fara yfir viðskiptastöður í bókhaldi, jafna saman stöðum milli viðskiptategunda og sjá til þess að óinnheimtar kröfur yrðu sendar í innheimtu til að afla fjármuna til greiðslu skulda. Ekki verður séð að unnið hafi verið að því árið 2009 að koma viðskiptakröfum skólans í rétt horf þó þær hafi lækkað um 18,5 m.kr. aðallega vegna skuldajöfnunar við Nemendagarða Hólaskóla að fjárhæð 26 m.kr. samhliða skuldauppgjöri við lánardrottna á því ári. Í árslok 2009 námu viðskiptakröfur 84 m.kr. og í endurskoðunarbréfi vegna þess árs segir að kröfur eldri en 12 mánaða hafi numið um 37 m.kr. Í endurskoðunarbréfinu er lögð áhersla á að framangreindar og aðrar óuppgerðar viðskiptamannastöður verði stemmdar af og gerðar upp á viðeigandi hátt sem allra fyrst og þannig fylgt eftir vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu hjá skólanum á árinu 2009.

ALMENNAR VIÐSKIPTAKRÖFUR FYRNAST Á FJÓRUM ÁRUM

Eldri viðskiptakröfur Hólaskóla gefa ranga mynd af efnahag hans og eiginfjárstöðu og valda óvissu um rekstrarafkomu hans eftir því hve mikið af þeim þarf að afskrifa. Almennar viðskiptakröfur fynast á fjórum árum ef fyrning er ekki rofin með fjárnámi en skólinn hefur ekki gripið til þess úrræðis. Viðskiptakröfur skólans sem eru frá árinu 2007 og fyrr eru því tapaðar. Uppsafnaður halli skólans er því hærri en þær 76 m.kr. sem staða bókhaldsins sýndi í árslok 2010 og munar þar þeirri upphæð viðskiptakrafna sem nauðsynlegt reynist að afskrifa.

ÁRSREIKNINGUR 2008 ÁRITAÐUR MED FYRIRVARA

Ársreikningur vegna ársins 2008 var áritaður með fyrirvara þar sem óvissa var um bókfærða fjárhæð viðskiptakrafna og ekki lágu fyrir afstemmingar eða víska um innheimtu þeirra eða réttmæti. Ársreikningar fyrir árin 2009 og 2010 voru áritaðir án álits um að þeir gæfu glögga mynd af stöðu skólans eins og venja er, þar sem enn lágu ekki fyrir afstemmingar á viðskiptakröfum hans og því ríkti veruleg óvissa um réttmæti þeirra. Hólaskóli hefur ekki brugðist við ítrekuðum ábendingum Ríkisendurskoðunar síðastliðin ár um að færa stöðu eldri viðskiptakrafna skólans í eitt skipti fyrir öll til betri vegar. Í umsögn Hólaskóla við drög að skýrslu þessari er lögð áhersla á að færsla og umsjón viðskiptakrafna sem hafa myndast eftir árið 2008 sé í góðu lagi. Innheimta skólans á viðskiptakröfum sem t.d. komi fram í ársreikningi 2010 hafi gengið vel og þær kröfur sem stofnað var til árið 2010 hafi nánast allar verið innheimtar á árinu 2011.

ÁRSREIKNINGAR 2009 OG 2010 ÁRITAÐIR ÁN ÁLITS


Fyrir mistök sendi Ríkisendurskoðun ekki mennta- og menningarmálaráðuneyti endurskoðunarbréf skólans vegna ársins 2009 fyrr en haustið 2011 og endurskoðunarbréf vegna ársins 2010 var gefið út um svipað leyti. Ráðuneytið hefur hins vegar fengið alla ársreikninga skólans jafnóðum og þeir hafa verið áritaðir.

Ríkisendurskoðun beinir því til stjórnenda skólans að hraða afstemmingu, frágangi og innheimtu viðskiptakrafna þannig að þær sýni rétta stöðu í árslok 2011. Stofnunin beinir því einnig til mennta- og menningarmálaráðuneytis að fylgja því eftir af festu að Hólaskóli komi viðskiptakröfum sínum í eðlilegt horf.

3.4.2 SKULDIR

Mynd 3.15 sýnir að heildarskuldir Hólaskóla jukust jafnt og þétt til ársins 2008. Þær lækkuðu síðan árið 2009 en fóru aftur hækkandi árið 2010. Í tengslum við skipun tilsjónarmanns árið 2009 var unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu skólans með sérstöku framlagi úr ríkissjóði (100 m.kr.) og samið við helstu lánardrottna um uppgjör á skuldum við þá. Markmiðið var að lækka viðskiptaskuldir skólans sem námu tæpum 226 m.kr. í árslok 2008 og söfnuðu miklum dráttarvöxtum (sjá mynd 3.10).

**VIÐSKIPTASKULDIR
UM 226 M.KR. Í
ÁRSLOK 2008**



Fyrir milligöngu mennta- og menningarmálaráðuneytis greiddi fjármálaráðuneyti Hólaskóla 49,7 m.kr. þann 12. janúar 2009 eða sem nam inneign skólans hjá ríkissjóði í árslok 2008 eftir að uppsafnaður halli hans hafði verið greiddur niður. Þann 31. mars 2009 höfðu náðst samningar við helstu lánardrottna skólans um uppgjör útistandandi skulda og niðurfellingu dráttarvaxta. Þá féllst fjármálaráðuneyti, aftur fyrir milligöngu mennta- og menningarmálaráðuneytis, á að greiða skólanum 100 m.kr. til að gera upp eldri viðskiptaskuldir hans. Litið var svo á að verið væri að greiða skólanum af aukafjárveitingu ársins 2008 en verklagsreglur fjármálaráðuneytis kveða skýrt á um að aukafjárveitingar skuli fyrst nýta til að jafna skuld stofnana við ríkissjóð áður en þær má greiða út til þeirra. Því var í raun aðeins um að ræða tilfærslu á skuldum skólans frá almennum lánardrottnum til ríkissjóðs. Heildarskuldir skólans voru 167 m.kr. í árslok 2009, eða sem nam 63% af fjárveitingu þess árs, þar af nam skuld við ríkissjóð tæpum 140 m.kr. Uppsafnaður halli skólans var sá sami í árslok 2009 (69 m.kr.) eins í árslok 2008 en vaxtalaus skuld skólans við ríkissjóð hafði hækkað um 100 m.kr.

**TILFÆRSLA SKULDA
FRÁ LÁNAR-
DROTTNUM TIL
RÍKISSJÓÐS**

Að mati fjármálaráðuneytis var hagstætt fyrir ríkissjóð að ná samkomulagi um uppgjör viðskiptaskulda Hólaskóla og koma þannig í veg fyrir síhækkandi dráttarvaxtaskuld hans. Ráðuneytin skilgreindu ekki hvernig farið skyldi með þessa 100 m.kr. greiðslu til skólans, þ.e. hvort honum bæri að endurgreiða hana eins og um lán væri að ræða eða

**KOMIÐ Í VEG FYRIR
HÆKKANDI
DRÁTTARVEXTI**

sótt yrði um aukafjárveitingu vegna hennar. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur ekki beitt sér sérstaklega fyrir því að fá niðurstöðu í þetta mál. Hvorki hefur verið sótt um aukafjárveitingu vegna þessara fjármuna né skilgreint hvort og þá hvernig skólinn skuli greiða þær til baka. Fjárhæðin hefur því staðið óhreyfð á skuldahlið skólans frá árinu 2009. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að mennta- og menningarmálaráðuneyti, í samvinnu við Hólaskóla og fjármálaráðuneyti, beiti sér fyrir lausn á þessu máli og tryggi að ríkissjóður fái féð endurgreitt, t.d. með því að ráðuneytið haldi eftir hluta af framlögum skólans á hverju ári uns því takmarki er náð. Ella sæki ráðuneytið um aukafjárveitingu vegna þessara fjármuna.

Viðskiptaskuldir Hólaskóla lækkuðu um 200 m.kr. milli árana 2008 og 2009. Samningar við lánardrottna leiddu til þess að niðurfellingar og/eða leiðréttingar á dráttarvöxtum og öðrum innheimtukostnaði, auk skuldajöfnunar, námu alls 58 m.kr. Samkvæmt yfirliti frá tilsjónarmanni Hólaskóla nam leiðrétting og/eða niðurfelling skulda hjá 13 stærstu lánardrottnum skólans, einkum vegna uppsafnaðra dráttarvaxta, alls tæpum 32 m.kr. Skuldajöfnunin nam tæpum 26 m.kr. en þar var skuld skólans við Nemendagarða Hólaskóla jafnað á móti skuld nemendagarðanna við skólann. Auk þessa voru skuldir að fjárhæð 14,3 m.kr. greiddar 71 lánardrottni vegna skulda frá árinu 2008 og fyrr. Þá var 16,7 m.kr. ráðstafað til greiðslu skulda frá árinu 2009. Skuldir Hólaskóla við lánardrottna námu tæpum 27 m.kr. í árslok 2009 og 29,4 m.kr. í árslok 2010. Að sögn Hólaskóla felst skuldastaðan í lok árana 2009 og 2010 fyrst og fremst í mánaðarlegum veltuskuldum í reglubundnum viðskiptum skólans, s.s. með rafmagn, vatn, hita, fjarskipti, húsaleigu o.þ.h. Handbært fé í árslok 2010 var tæp 31 m.kr. samkvæmt ársreikningi. Skólinn hafi því átt fjármuni til að greiða þessar skuldir. Að mati Hólaskóla verða viðskiptaskuldir skólans svipaðar í lok árs 2011 eins og þær voru 2010.

Eldri skuldir sem höfðu í árslok 2010 verið óhreyfðar frá fyrri áramótum námu 8,3 m.kr. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að skólinn stemmi þær af og geri viðeigandi ráðstafanir. Í umsögn Hólaskóla við drög að skýrslu þessari segir að hluti óhreyfðra skulda í árslok 2010 hafi nú (haustið 2011) verið stemmdar af og stefnt sé að því að annað verði skuldajafnað. Greiðslur viðskiptaskulda Hólaskóla til lánardrottna hafi aldrei verið í betra horfi en nú. Dáttarvextir vegna ógreiddra gjalda hafi nánast horfið úr bókhaldi skólans og eiginlegir dráttarvextir séu lítið brot af fjármagnskostnaði skólans í dag.

Skuldir skólans við ríkissjóð námu tæpum 178 m.kr. í árslok 2010 og höfðu hækkað um 38 m.kr. frá árinu 2009. Þar er annars vegar um að ræða uppsafnaðan halla skólans og hins vegar 100 m.kr. greiðslu fjármálaráðuneytis vegna uppgjors við lánardrottna sem skólinn fékk í mars 2009 án þess að fyrir hafi legið fjárveiting frá Alþingi.

VIÐSKIPTASKULDIR LÆKKUÐU UM 200 M.KR. MILLI ÁRANNA 2008–09

ELDRI VIÐSKIPTA- SKULDIR 8,3 M.KR. Í ÁRSLOK 2010

178 M.KR. GREIÐSLUR TIL SKÓLANS ÁN SAMÞYKKIS ALÞINGIS